

Þinggerð 60. Frjálsíþróttabings

Þingið var haldið 30. apríl og 1. maí 2016 í sal ÍSÍ við Engjaveg í Reykjavík

Yfirlit þinggerðar

Setning þings	3
Kosning þingforseta og ritara	3
Kosning í nefndir þingsins	3
Ávörp gesta	3
Skýrsla stjórnar	4
Afhending heiðursviðurkenninga	4
Kynning á reikningum sambandsins 2014 og 2015	4
Umræður um skýrslu og reikninga	5
Hádegishlé	7
Niðurstæða kjörbréfanefndar	7
Afgreiðsla reikninga sambandsins	7
Kynning á tillögum að laga- og reglugerðarbreytingum	7
Kynning fjárhagsáætlunar	8
Nefndarstörf	8
Afgreiðsla tillagna og þingskjala	8
Þingskjal nr. 1: Tillaga að breytingu á reglugerð um MÍ innanhúss	9
Þingskjal nr. 2: Tillaga að breytingu á reglugerð um MÍ innanhúss	10
Þingskjal nr. 3: Tillaga að breytingu á reglugerð um MÍ utanhúss	11
Þingskjal nr. 4: Tillaga að breytingu á reglugerð um Bikarkeppni FRÍ, utanhúss	13
Þingskjal nr. 5: Tillaga að breytingu á reglugerð um MÍ, innanhúss	15
Þingskjal nr. 6: Tillaga að breytingu á reglugerð um MÍ, utanhúss	16
Þingskjal nr. 7: Tillaga að breytingu á reglugerð um MÍ, utanhúss	17
Þingskjal nr. 9: Tillaga að breytingu á reglugerð um MÍ, innanhúss	18
Þingskjal nr. 10: Tillaga að breytingu á reglugerð um Bikarkeppni FRÍ, innanhúss	19
Þingskjal nr. 11: Tillaga að breytingu á reglugerð um MÍ, innanhúss	21
Þingskjal nr. 12: Tillaga að breytingu á reglugerð FRÍ - varastjórnarmenn	23
Þingskjal nr. 18: Tillaga að breytingu á reglugerð um MÍ, innanhúss	24
Þingskjal nr. 19: Tillaga að breytingu á reglugerð FRÍ um MÍ 15-22ja inni	25
Þingskjal nr. 21: Tillaga að breytingu á reglugerð um MÍ 11-14 innan og utanhúss	27
Þingskjal nr. 33: Tillaga að viðbót við 30. og 31. reglugerð FRÍ um MÍ	28
Þingskjal nr. 34: Tillaga að breytingu á reglugerð MÍ öldunga, innanhúss	29

Þingsályktunartillaga: Hvatning til stjórnvalda um bætta aðstöðu	30
Þingskjal nr. 14: Tillaga að breytingu á lögum FRÍ um formannafund	32
Þingskjal nr. 16: Tillaga um að vísa umræðu um mót til fastanefnda	34
Þingskjal nr. 17: Tillaga að breytingu á lögum um kostnaðarþátttöku	35
Þingskjal nr. 22: Tillaga að stofnun Alþjóðanefndar FRÍ	36
Þingskjal nr. 23: Tillaga um þjónustugjald FRÍ og félagaskipti	38
Þingskjal nr. 24: Tillaga að eflingu síðareglna FRÍ og áskorun á ÍSÍ	41
Þingskjal nr. 23: Tillaga til þingsályktunar um frjálsíþróttaaðstöðu	42
Þingskjal nr. 26: Breytingar á lögum FRÍ - fastanefndir	43
Þingskjal nr. 27: Breytingar á lögum FRÍ - Fræðslu og útbreiðslunefnd	44
Þingskjal nr. 28: Breytingar á lögum FRÍ - Dómaranefnd	45
Þingskjal nr. 29: Breytingar á lögum FRÍ - fastanefndir	46
Þingskjal nr. 30: Breytingar á lögum FRÍ - Langhlaupanefnd	47
Þingskjal nr. 31: Breytingar á lögum FRÍ - Móta- og mannvirkjanefnd	48
Þingskjal nr. 32: Afreksstefna FRÍ	49
Þingskjal nr. 37: Áskorun til ríkisvaldsins	50
Þingskjal nr. 38: Mótaskrá FRÍ drög	51
Kjör stjórnar og nefnda	52
Önnur mál	52

Setning þings

Kosning þingforseta og ritara

Haukur Þór Haraldsson kosinn þingforseti og Lóa Björk Hallsdóttir og Fríða Rún Þórðardóttir kosnar þingritarar.

Kosning í nefndir þingsins

Kjörbréfanefnd: Lóa Björk Hallsdóttir (formaður), Skafti Steinólfsson og Steinunn Emilía Þorsteinsdóttir

Fjárhagsnefnd: Árni Þorsteinsson (formaður), Gunnar Smith og Bjarnveig Ingadóttir.

Laganefnd: Ásbjörn Karlsson (formaður), Eiríkur Mörk, Skafti Steinólfsson, Sigurður Haraldsson og Björg Ágústsdóttir.

Allsherjarnefnd: Fríða Rún Þórðardóttir (formaður), Súsanna Helgadóttir, Einar Vilhjálmsson, Erlingur Jóhannsson og Ólafur Guðmundsson.

Ávörp gesta

Ingi Þór Ágústsson ávarpaði þingið fyrir hönd stjórnar ÍSÍ, hann hrósaði ársskýrslu FRÍ og fagnaði því að fjárhagsstaða sambandsins væri eins góð og raun bæri vitni. Ræddi um Ólympíuleika og vonaðist til þess að fleiri íþróttamenn myndu bætast í hópinn. Minntist á afreksstefnuna sem samþykkja átti á þinginu og að það skiptir mjög miklu að samþykkja stefnuna. Hvatti FRÍ til áframhaldandi góðra verka.

Örn Guðnason frá UMFÍ kvaddi sér hljóðs, færði þinginu kveðju frá Hauki Valtýssyni formanni UMFÍ og stjórninni. Sagðist sjá að ýmislegt væri í gangi hjá FRÍ og var ánægður með að sjá tölur yfir rekstur sambandsins. Hann er mjög ánægður með starf HSK, sagðist koma frá Selfossi og fylgist því vel með þeirra starfi. UMFÍ hefur verið í stefnumótunarvinnu eins og reglulega undanfarin ár. Á döfinni hjá UMFÍ er Landsmót 50+ í júní á Ísafirði. Skipulagið í kringum keppni í frjálsum er að koma hægt og sígandi. Hann nefndi að systursamtök UMFÍ í Danmörku hafa verið mjög vaxandi í 50+ aldursflokknum og áhugavert væri að fylgjast með þeirri þróun. Unglingalandsmót verður haldið í Borgarnesi í ár. Landsmót UMFÍ hefur átt undir högg að sækja og hefur verið ákveðið að halda það næst á Sauðárkróki árið 2018, seinka því þannig um eitt ár. Einhverjar greinar verða ábyggilega felldar niður og aðrar nýjar munu koma inn. Vonast er eftir góðri þróun með þessu fyrirkomulagi. Hreyfivika (Move week) á að halda í maí en var í október í fyrra. Mörg sveitafélög hafa tekið þátt í þessari viku á ýmsan hátt. Til að mynda hefur verið haldin sundkeppni á milli Rangárþings ytra og Rangárþings eystra. Frjálsíþróttaskólinn hefur verið starfræktur í nokkur ár og gengið mjög vel. Hugsað hefur verið til þess að bjóða unglingum upp á að koma í frjálsíþróttaskólann og vera jafnvel betur undir búin fyrir Unglingalandsmót. SAMVEST samstarfið hefur verið mjög gott og sýnir að oft er vænlegt að snúa bökum saman. Örn vonar eftir að samstarf UMFÍ og FRÍ verði áfram farsælt og gott.

Skýrsla stjórnar

Einar Vilhjálmsson fór yfir skýrslu stjórnar. Sjá skýrslu.

Kaffihlé

Afhending heiðursviðurkenninga

Einar Vilhjálmsson formaður og Lóa Björk Hallsdóttir varaformaður tilkynntu um eftirfarandi heiðursviðurkenningar.

Gullmerki FRÍ hlutu: Ásbjörn Karlsson UMSS, Elísabet Ólafsdóttir FH, Einar Þór Einarsson FH, Guðlaug Baldvinsdóttir Fjölni, Rósa Marinósdóttir UMSB og Stefán Halldórsson fyrrverandi formaður FRÍ.

Silfurmerki FRÍ hlutu: Felix G. Sigurðsson ÍR, Freyr Ólafsson Ármanni, Þuríður Ingvarsdóttir UMF Selfoss, Ólafur Guðmundsson UMF Selfoss, Hannes Strange Breiðablik, Jón Halldór Oddsson ÍR, Súsanna Helgadóttir FH, Gunnlaugur Júlíusson Ármanni og Lóa Björk Hallsdóttir varaformaður FRÍ.

Bronsmerki FRÍ hlutu: Benóný Jónsson HSK, Björg Ágústsdóttir HSH, Örvar Ólafsson Ármanni, Jónas Hallgrímsson FH, Svandís Sigvaldadóttir Breiðablik, Einar Óskarsson Breiðablik, Guðfinna Halla Þorvaldsdóttir ÍR, Guðmunda Ólafsdóttir HSK, Guðmundur Pétur Guðmundsson ÍR, Helgi Björnsson ÍR, Ívar Benediktsson Morgunblaðinu, Sigurður Þórarinsson ÍR, Stefán Guðjónsson Ármanni og Kristján Gissurarson ÍR/Breiðablik.

Einar Vilhjálmsson hélt áfram að fara yfir skýrslu stjórnar og þakkaði fyrir gott samstarf sem formaður FRÍ.

Kynning á reikningum sambandsins 2014 og 2015

Jón Steingrímsson lagði fram reikninga fyrir árin 2014 og 2015 og fór yfir þá. Lét texta í skýrslu stjórnar tala sínu máli. Ársreikningar sem lagðir voru fram höfðu verið samþykktir af stjórn FRÍ. Sjá ársskýrslu og áritun stjórnar á bls 31 í starfsskýrslu. Jón fór yfir helstu niðurstöður og birti þær á skjá. Nettóniðurstaða var 0 árið 2014 en + 8,2m fyrir árið 2015. Hann fór svo yfir sundurlíðanir á bls 36 -38. Gjaldfærður kostnaður á árinu 2014, sem metinn er að fjárhæð 4.4 m kr, sem í raun hefðu átt að fylgja árinu 2014 en gerði það ekki.

Efnahagsreikningur sjá bls 33 og skýringar á bls 34-35. Jákvæð staða sambandsins er rúmar 8 milljónir. Yfirdráttarlán hjá Landsbankanum var greitt niður um 2,7 milljónir á tímabilinu. Skuldastaðan er mjög viðráðanleg og engar skuldir eru að íþyngja sambandinu dagsdaglega. Leiðrétting á bls. 41, undir skammtímaskuldir, að upphæð 2.348.217 er við Ríkisútvarpið vegna Demantamótanna vegna ársins 2009. Að lokum nefndi Jón að fjárhagsstaðan heldur áfram að

batna og búið er að greiða niður allan yfirdrátt. FRÍ er yfirhöfuð í góðum málum. Þó þarf að fara vel yfir lagfæringar vegna skuldastöðu við félagin.

Haukur þakkaði Jóni fyrir og ítrekaði að skila þyrfti inn kjörbréfum áður en kosið yrði um reikninga sambandsins. Haukur opnaði svo mælendaskrá um skýrslu og reikninga.

Umræður um skýrslu og reikninga

Jónas Egilsson óskar eftir að koma í pontu. Hann byrjaði á að þakka fyrir samstarfið bæði sem framkvæmdastjóri og stjórnarmaður. Hann er viss um að við höfum gert góða hluti og að það stefni í jákvæða framför. Þessi skuld við RÚV er frá árinu 2009, en gerður var samningur við RÚV og gekk það að mestu leyti vel. Árið 2012 ákvað RÚV einhliða að slíta þessum samningi og um vorið hafði RÚV ekki tíma til útsendinga frá Dementamótunum. Jónas þakkaði öllum sem hann hefur unnið með fyrir gott samstarf og skilaði kveðju frá Svein Arne Hansen sem komst ekki á þingið vegna skyndilegra veikinda.

Sigurður Pétur Sigmundsson kvað sér hljóðs og þakkaði stjórn fyrir greinagóða skýrslu og að ánægjulegt sé að sjá að fjármál sambandsins hafi skilað hagnaði upp á 8,2 milljónir. Mikil tækifæri eru fyrir sambandið er snýr að almenningshlaupum. Sambandið þarf að gera sér grein fyrir því að það þarf að þjónusta þessa hópa meðal annars með virku dómakerfi. Hlauparar eru farnir að taka eftir afrekaskrá FRÍ og sumir sækjast eftir að vera í henni. Frjálsíþróttasambandið er lögaðili að götuhlaupum. Það verður að mæta kröfunum, skrifstofa FRÍ verður að gera það ef að hún segir að hún vilji þjónusta þennan hóp. Kærumál hafa komið upp og það er vegna þess að regluverkið okkar er ekki nógu gott. Þessi tvö kærumál fóru í fjölmiðla. Þurfum að vera með allt regluverk á hreinu. Öryggis- og gæðakerfi Alþjóðasambandsins er mjög kröfuhart, og það getur orðið erfitt viðureignar fyrir minni löndin. Breska frjálsíþróttasambandið hefur gert þetta á góðan hátt og 2.600 götuhlaup eru á skrá hjá þeim. Ef að fólk ætlar að vera með í þessu kerfi þá þarf að innheimta tiltekið og hóflegt árgjald eða leyfisgjald. Það þýðir ekki að segja eitthvað og gera ekkert. Það þyrfti starfsmann í fullt starf fyrir þetta en auðvitað þyrfti að búa til tekjustofn á móti. Hann nefndi einnig að við ættum ekki að gefa eftir stöðu okkar á Laugardalsvellingum fyrir eitthvað annað verður orðið fast í hendi. Við getum ekki treyst á einhverja draumsýn.

Helgi S. Haraldsson þakkaði stjórn fyrir skýrsluna og starfið. Mjög ánægjulegt er hversu mikið jákvætt hefur unnist í fjármálum. Við verðum samt að passa upp á við förum ekki fram úr okkur. Við verðum að horfa á það að við erum komin á beinu brautina. Kannski verðum við að tala skýrar út um það hverjir eiga að borga og hvernig. Við verðum að taka ákveðið á þessu. Hann ræddi sérstaklega unglíngaverkefni og að þau kosti þetta sem þau kosta og þá er spurning um hvort að félagin eða einstaklingurinn vill borga, að þá er það þeirra val en ekki sambandsins að neita öllum um þátttöku.

Helgi tók undir að við eigum ekki að gefa eftir stöðu okkar á Laugardalsvellingum. Okkar þjórleikvangur á að vera með KSÍ. Það væri örugglega hægt að hafa útdraganleg sæti sem myndu fara yfir hlaupabrautina. FRÍ á að geta komið með hugmynd um að þetta geti gengið upp en kannski væri betra að fjölga sex brauta völlum um höfuðborgina. Er fólk tilbúið til að byggja

upp nýjan knattspyrnuvöll sem verður notaður nokkrum sinnum á ári? Helgi er sannfærður um að hugmyndir okkar myndu vekja athygli borgarfulltrúa, hann er hræddur um að KSÍ komist bakdyramegin og við verðum kaffærð. Hann tók undir það að gott sé að fjármálin eru farin að verða jákvæð.

Félögin verða að standa skil á mótagjöldum því að það eru félögin sem eru sambandið. Mjög slæmt ef að það er verið að afskrifa skuldir sem félögin eiga að borga.

Súsanna Helgadóttir, gerði nokkrar athugasemdir við skýrsluna. Það mætti nefna alla þjálfara og liðstjóra sem fara í allar ferðir. Smávægileg villa er snýr að Evrópukeppni landsliða í Búlgaríu. Einar gleymdi að minnst á að Aníta Hinriksdóttir sem er unglingur keppti á EM í Prag og stóð sig mjög vel. Krakkarnir sem fóru á Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar stóðu sig mjög vel þó að árangur hefði mátt vera betri í heildina.

Súsanna lýsir áhyggjum sínum yfir stöðu Laugardalsvallar og minnir á að við verðum að standa vörð um okkar þjóðarleikvang.

Súsanna minntist á útbreiðslumál og talaði um að lítið hafi verið gert á undanförunum árum og nefndi sérstaklega Skólaþríþrautina sem æskilegt væri að endurvekja. Súsanna ítrekaði mikilvægi þess að hafa starfandi verkefnastjóra unglingamála því að það sé nauðsynlegt til þess að halda unglingum í frjálsum. Frábærar æfingarbúðir voru haldnar í apríl og tókust þær mjög vel, um 60 unglingar mættu og voru alsæl með helgina.

Freyr Ólafsson kom upp og þakkaði stjórn gott starf og jákvæða afkomu sambandsins. Er sammála Helga Haraldssyni og Sigurði Pétri. Ræddi um Laugardalsvöllinn og er sammála því sem komið hefur fram. Mjög mikilvægt er að hugmyndir okkar séu raunhæfar. Freyr telur endurbyggingu Valbjarnarvallar bestu langtímalausnina fyrir frjálsíþróttamenn. Þar fengju þeir eigin völl á eigin forræði. Ljóst er af reynslu borgarinnar t.d. vegna stúkubyggingar og flóðlýsingar að hún mun fara varlega í samningum við KSÍ.

Skafti Steinólfsson þakkaði stjórn samstarfið, við erum að höndla með almannafé og fagnar því að við séum búin að borga niður allan yfirdrátt. Hann þakkar gjaldkera og formanni fyrir þeirra eldmód og tekur undir orð þeirra sem að hafa talað um Laugardalsvöllinn.

Gunnlaugur Júlíusson þakkaði stjórn fyrir góða skýrslu og fjármál. Hann vill minnst á Laugardalsvöllinn. Frjálsíþróttasambandið má ekki verða undir í þessu máli gagnvart KSÍ. Við megum ekki vera hornreka hjá KSÍ. Sambúð okkar við KSÍ getur verið takmörkum háð.

Gunnlaugur spurði hvort að það fælist í því viðurkenning á skuld FRÍ við RÚV að reikningar séu samþykktir eins og þeir eru lagðir fram og óskar eftir að verði staðfest. Eitt atriði sem að hann vill minnst á og það er kostnaðarþátttaka í landsliðs verkefnum. Ekki má gera upp á milli í kostnaði hvers og eins íþróttamans með því að fara eftir afreki einstaklingsins við val í keppnisferðir því unglingar eru auðvitað með lakari árangur en fullorðnir.

Einar Vilhjálmsson tekur undir orð Helga Haraldssonar, að fara verður varlega í fjármálum þó að við séum komin í plús í fjármálunum. Stjórnin hefði viljað gera mun betur í vinnu með nefndum

og ráðum. Það er eitt af því sem að við verum að taka betur á og við tölum um landsliðsverkefni, en oft hefur nafnið landsliðsverkefni verið of heillagt. Sambandsaðilar þurfa að skoða tillögu um árangursviðmið til að fjárhagsáætlun standist. Oft getur það verið erfitt með réttlætiskennd okkar. Við verðum að nota lágmarkin þannig að ekki fari svo margir í ferðirnar að fjárhagur FRÍ verði í molum. Hvernig getum við fjármagnað okkar helstu verkefni án þess að skuldsetja okkur aftur? Umræða um Laugardalsvöll, krafa okkar er að fjölga sex brauta völlum. Í sambandi við RÚV skuldina, við þurfum ekki að hafa áhyggjur af skuldinni. Það er enginn pappír til hjá RÚV sem að sýnir mótmæli okkar við þessa skuld. Við þurfum ekki að hafa áhyggjur af þessari skuld svo lengi sem að FRÍ bíður RÚV að taka þátt í sínum verkefnum. RÚV menn voru til að mynda jákvæðir yfir Frímínútnaverkefninu! Lítum á þessa skuld sem höfuðstól og verkefni FRÍ munu dragast frá.

Þingforseti gerði hlé á þinginu og bauð til hádegisverðar.

Hádegishlé

Þingforseti bauð alla velkomna aftur til starfa að loknu hádegishléi.

Gunnar Smith var mættur á þing og veitti formaður FRÍ honum bronsmerkið sem hann átti að fá á síðasta þingi.

Niðurstaða kjörbréfanefndar

Formaður Kjörbréfanefndar Lóa Björk Hallsdóttir las upp fjölda réttkjörinna þingfulltrúa og tilkynnti að þeir sem væru á kjörbréfum væru með atkvæði.

Afgreiðsla reikninga sambandsins

Þingforseti bar upp reikninga sambandsins til samþykktar og voru þeir samþykktir einróma.

Breyting á dagskrá þar sem að ljósrita þurfti eintök af fjárhagsáætlun.

Kynning á tillögum að laga- og reglugerðarbreytingum

Farið var í tillögur að laga- og reglugerðarbreytingum. Haukur, forseti þings, las upp númer tillagna og þeim var vísað í viðeigandi nefndir. Þingskjal nr. 11 á að vísa í reglugerð nr. 31 í stað 30. Þingskjal nr. 15 skal falla út og verða í staðinn þingskjal nr.17 og vísað til fjárhagsnefndar og allsherjarnefndar en ekki laganeftnd. Þingskjal nr. 19 breyta í reglugerð í stað laga. Þingskjal nr. 20 breyta í reglugerð í stað laga. Þingskjal nr. 21 breyta í reglugerð í stað laga. Þingskjal nr. 33 breyta í reglugerð í stað laga. Þingskjal nr. 35 verður lagt fram síðar og vísað í allsherjarnefnd. Þingskjal nr. 36 sem er fjárhagsáætlun FRÍ er vísað til fjárhagsnefndar. Borist hefur viðbótartillaga frá Frey Ólafssyni um lagabreytingar en barst of seint og verður því ekki borinn upp á þinginu.

Kynning fjárhagsáætlunar

Árni Þorsteinsson fór yfir fjárhagsáætlun, sjá skjal nr 36. Haukur opnaði mælendaskrá. Sigurður Haraldsson spurði hvort að það væri boðlegt að bjóða upp á farfuglaheimili fyrir gesti á NM U20. Árni útskýrði að hann hafi leitaði út um allt til þess að athuga með gistingu en fann ekkert nema þetta. Fríða Rún Þórðardóttir spurði hvort að þessi 890 þúsund sem kostaði að senda á Bauhaus Mannheim mótið kæmu ekki út á sléttu. Árni svaraði því að Þjóðverjar borguðu styrk á móti.

Gunnar Smith spurði hvaða bækur þetta væru sem að veri væri að selja og Árni svaraði því til að þetta væru þjálfarabækur IAAF. Gunnar spurði einnig út í það hvort að það væri ekki hugsað út í það að bæta við fleiri stöðugildum á skrifstofu FRÍ? Árni vonaði að það yrði tekið fyrir og aukin yrðu stöðugildi hjá FRÍ. Helgi Haraldsson spurði um breytingu á dagskrá morgundagsins hvort að nefndarstörf byrjuðu þá kl. 10:15 vegna þess að forseti EEA verður ekki með ávarp.

Tveir einstaklingar eru mættir í salinn og eru það Ólafur Guðmundsson og Björg Ágústsdóttir sem fengu heiðursviðurkenningar sínar. Björg notaði tækifærið og sagði aðeins frá Samvest verkefninu.

Ólafur Guðmundsson kynnti mótaskrá FRÍ 2016-2017 og var henni vísað til umfjöllunar í Allsherjarnefnd.

Nefndarstörf

Nefndarstörf hófust kl.14:50 og sleit Haukur þingi dagsins og boðaði alla þingfulltrúa kl.11:30 á sunnudag.

Sunnudagur 1. maí 2016

Nefndarstörf hófust kl.10:15 og lauk þeim kl.11:30

Afgreiðsla mála hófst kl. 12:00

Afgreiðsla tillagna og þingskjala

Tillögur Laganefndar lagðar fram

Formaður nefndarinnar Ásbjörn Karlsson gerði grein fyrir tillögunum og þingforseti bar þær undir þingheim til samþykktar eða synjunar. Ellefu nefndarmenn voru í þessari nefnd og sautján þingskjöl voru tekin fyrir.

Þingskjal nr. 1: Tillaga að breytingu á reglugerð um MÍ innanhúss

Tillaga nefndar: Laganefnd leggur til að tillaga sé samþykkt.

Niðurstaða þings: Samþykkt, samhljóða

Efni samþykkrar tillögu:

TILLAGA AÐ BREYTINGU Á
31. REGLUGERÐ UM MEISTARAMÓT ÍSLANDS, INNANHÚSS

60. Frjálsþróttaping, haldið í Reykjavík 30. apríl og 1. maí 2016, samþykkir breytingu á Reglugerð um Meistaramót Íslands, innanhúss.

2.1.1. Aðalhluti.

2.1.1.1. Keppnin fer fram á tveimur samliggjandi dögum.

2.1.1.2. Keppnisgreinar:

Fyrri dagur:

Karlar: 60 m hlaup, 400 m hlaup, 1500 m hlaup, þrístökk, stangarstökk, kúluvarp.

Konur: 60 m hlaup, 400 m hlaup, 1500 m hlaup, **þrístökk**, hástökk.

Seinni dagur:

Karlar: 60 m grindahlaup, 200 m hlaup, 800 m hlaup, 3000 m hlaup, langstökk, hástökk, 4×400 m boðhlaup.

Konur: 60 m grindahlaup, 200 m hlaup, 800 m hlaup, 3000 m hlaup, **langstökk**, stangarstökk, **kúluvarp** og 4×400 m boðhlaup.

Auk þess er mótshaldara, í samráði við stjórn FRÍ, heimilt að halda keppni í lóðkasti.

Greinargerð:

Eins og keppni á meistaramót Íslands innanhúss í kvennaflokki fer fram, þá hafa margir keppendur haft nóg að gera á fyrri degi og lítið hefur verið að gera á seinni degi, lagt er fram tillaga að breytingum á keppnisgreinum á milli daga þess vegna. Breytingar eru feitletraðar.

Þingskjal nr. 2: Tillaga að breytingu á reglugerð um MÍ innanhúss
Tillaga nefndar: Laganefnd leggur til að tillaga sé samþykkt með orðalagsbreytingu.
Niðurstaða þings: Samþykkt, samhljóða.
Efni samþykkrar tillögu:

TILLAGA AÐ BREYTINGU Á
31. REGLUGERÐ UM MEISTARAMÓT ÍSLANDS, INNANHÚSS

60. Frjálsíþróttahósti, haldið í Reykjavík 30. apríl og 1. maí 2016, samþykkir breytingu á Reglugerð um Meistaramót Íslands, innanhúss.

2.3.2.7. Í boðhlaupum mega einstaklingar aðeins keppa í einni boðhlaupsgrein og mega þeir keppa í eldri flokkum, ef þeir keppa ekki í boðhlaupi í sínum flokki. Einnig mega einstaklingar í flokkum pílta og stúlkna 15-19 ára keppa í 3.000 m hlaupi í pílta- og stúlknaflokki 20-22 ára.

Greinargerð:

Vegna boðhlaupa á unglíngameistaramóti Íslands innanhúss hafa dómaraar túlkað grein 2.3.2.7. mjög frjállega, greinin var sett inn í reglugerð til að koma í veg fyrir að keppendur gætu keppt í tveimur boðhlaupum seinni daginn.

Þingskjal nr. 3: **Tillaga að breytingu á reglugerð um MÍ utanhúss**
Tillaga nefndar: Laganefnd leggur til að tillaga sé felld.
Niðurstaða þings: Tillagan felld, eins og laganefnd lagði til.
Efni tillögunnar:

TILLAGA AÐ BREYTINGU Á
30. Reglugerð um Meistaramót Íslands, utanhúss

60. Frjálsíþróttatæping, haldið í Reykjavík 30. apríl og 1. maí 2016, samþykkir breytingu á Reglugerð um Meistaramót Íslands, utanhúss.

2.4 Meistaramót Íslands 11-15 ára.

2.4.1 Meistaramót Íslands **11-15 ára**, skal fara fram á tveimur samliggjandi dögum.

2.4.2 Keppt skal í **fimm** aldursflokkum.

2.4.2.1. Aldursflokkar 15 ára, piltar og stúlkur

2.4.2.2 Þátttökurétt hafa aðeins þeir keppendur sem verða 15 ára á árinu, undantekning sjá grein 2.4.2.11.

2.4.2.3 Aldursflokkar 14 ára, piltar og stúlkur.

2.4.2.4 Þátttökurétt hafa aðeins þeir keppendur sem verða 14 ára á árinu, undantekning sjá grein **2.4.2.11.**

2.4.2.5 Aldursflokkar 13 ára, piltar og stúlkur.

2.4.2.6 Þátttökurétt hafa aðeins þeir keppendur sem verða 13 ára á árinu, undantekning sjá grein **2.4.2.11.**

2.4.2.7 Aldursflokkar 12 ára, piltar og stúlkur.

2.4.2.8 Þátttökurétt hafa aðeins þeir keppendur sem verða 12 ára á árinu, undantekning sjá grein **2.4.2.11.**

2.4.2.9 Aldursflokkur 11 ára, piltar og stúlkur.

2.4.2.10 Þátttökurétt hafa aðeins þeir keppendur sem verða 11 ára á árinu.

2.4.2.11 Í boðhlaupum mega einstaklingar keppa í eldri flokkum, ef þeir keppa ekki í boðhlaupum í sínum flokki.

2.4.3 Keppnisgreinar samkvæmt grein 5.1 eins og hún er samþykkt á ársþingi FRÍ.

2.4.4 Á mótinu skal keppt til stiga á milli félaga, samkvæmt grein 3.7.

2.4.5 Á mótinu skal keppa um titilinn Íslandsmeistari félagsliða **11-15** ára og eru lögð saman stigin úr flokkum pilta og stúlkna 11, 12, 13, 14 **og 15** ára.

2.4.6 Þeir keppendur sem ná 16 bestu tímum í undanrásum í spretthlaupum á mótinu taka sæti í úrslitum. Ef tveir eða fleiri ná sama tíma í 16. sæti skal fara fram umhlaup um laus sæti í úrslitum.

2.4.7 Í langstökki í flokkum 11 ára skulu keppendur stökkva af eins metra svæði, en 12 og 13 ára skulu stökkva af 50 cm svæði, sbr. gr. 25.3. í Sérkeppnisreglum FRÍ. Met sett undir þessum kringumstæðum gilda ekki upp í eldri aldursflokka.

2.4.8 Þrátt fyrir almenn ákvæði um þjófstört er í aldursflokkum 14 ára og yngri heimilað eitt þjófstart, án þess að keppandanum sem olli því sé vísað frá. Hverjum þeim keppanda, sem veldur frekara þjófstarti, skal vísað frá, sbr. gr. 25.7. í Sérkeppnisreglum FRÍ.

3.7 Stigakeppni á Íslandsmóti 11-15 ára. Fer þannig fram að sigurvegari í hverri grein fær 10 stig og koll af kalli þannig að 10. sæti fær 1 stig. Það félag sem stigahæst verður samanlagt í hverjum flokki hlýtur titilinn Íslandsmeistari félgsliða í frjálsum íþróttum í sínum flokki.

5.1 keppnisgreinar fyrir 15 ára piltur og stúlkur:

Piltar 15 ára: 100 m hl, 800 m hl, 4x100 m boðhl, 100 m grhl, langstökk, hástökk, kúluvarp og spjót kast

Stúlkur 15 ára: 100 m hl, 800 m hl, 4x100 m boðhl, 80 m grhl, langstökk, hástökk, kúluvarp og spjót kast

Greinargerð:

15 ára unglingar eru í grunnskóla, því er lagt til að Meistaramóti Íslands verði breytt úr flokki 11-14 ára í 11-15 ára. Ef þessi tillaga verður samþykkt þarf að breyta reglugerð um unglingameistaramót einnig.

Þingskjal nr. 4: Tillaga að breytingu á reglugerð um Bikarkeppni FRÍ, utanhúss
Tillaga nefndar: Laganefnd leggur til að tillaga sé samþykkt, með breytingum.
Niðurstaða þings: Samþykkt með meirihluta atkvæða, tveir voru á móti
Efni samþykkrar tillögu:

TILLAGA AÐ BREYTINGU Á

32.1 Reglugerð um Bikarkeppni FRÍ, utanhúss

60. Frjálsíþróttaping, haldið í Reykjavík 30. apríl og 1. maí 2016, samþykkir breytingu á Reglugerð um Bikarkeppni FRÍ, utanhúss.

32.1 Bikarkeppni FRÍ utanhúss

1. grein

Keppnin heitir „Bikarkeppni FRÍ, utanhúss” og skal hún haldin árlega, tímasetning ákvarðast af þingi eða stjórn FRÍ. Þátttökufrestur til að skrá inn lið er tveimur vikum fyrir mótið.

2. grein

Þátttökurétt eiga öll félög er aðild eiga að ÍSÍ. Heimilt er að senda sameiginleg lið tveggja félaga/sambanda eða fleiri til keppni, einnig er félögum eða samböndum heimilt að senda fleiri en eitt lið til keppinnar í hvorum flokki. **Öll lið telja til stiga.** Hverju liði er einungis heimilt að senda einn keppanda í hverja keppnisgrein. Óheimilt er að flytja keppendur milli liða sama aðila. Hvert lið skal senda keppendur í að minnsta kosti 5 greinar í þeim flokki sem þeir taka þátt í. Gestaþátttaka er óheimil.

Erlendir ríkisborgarar hafa þátttökurétt í Bikarkeppni FRÍ hafi þeir verið búsettir hér á landi í a.m.k. undanfarna 3 mánuði eða eigi lögheimili á Íslandi og tilkynnt til FRÍ með a.m.k. mánaðar fyrirvara með hvaða félagi þeir ætla að keppa. Fyrir liggja yfirlýsing frjálsíþróttasambands úr heimalandi viðkomandi, um að umræddur íþróttamaður hafi rétt til keppni í frjálsíþróttum í sínu landi og afrit af persónuskilríkjum sem sýna nafn, þjóðerni (þ.e. ríkisborgararétt), kyn og aldur.

3. grein.

Heimilt er að senda eingöngu karlalið eða kvennalið til þátttöku á mótinu.

4. grein.

Keppnin skal fara fram á einum degi.

Keppnisgreinar og niðurröðun þeirra skal vera með eftirfarandi hætti annað hvert ár:

Karlar: 100 m hl, 400 m hl, 1500 m hl, 110 m gr hl, 1000 m boðhlaup, langstökk, stangarstökk, kúluvarp og sleggjukast

Konur: 100 m hl, 400 m hl, 1500 m hl, 100 m gr hl, 1000 m boðhlaup, hástökk, þristökk, kringlukast og spjótast.

Keppnisgreinar og niðurröðun þeirra skal vera með eftirfarandi hætti annað hvert ár:

Karlar: 100 m hl, 400 m hl, 1500 m hl, 110 m gr hl, 1000 m boðhlaup, hástökk, þrístökk, kringlukast og spjótkest.

Konur: 100 m hl, 400 m hl, 1500 m hl, 100 m gr hl, 1000 m boðhlaup, langstökk, stangarstökk, kúluvarp og sleggjukast

Draga skal fyrirfram um röðun á brautir og kast- og stökkröð. **Í 100 m hl, 400 m hl og 100 m grhl/110 m grhl skal tryggt að bestu keppendurnir keppi í sama riðli.**

Stjórn FRÍ útbýr og sendir út tímaseðil fyrir keppnina með fjögurra vikna fyrirvara

5. grein.

Þegar ljóst er hve mörg lið senda þátttakendur, skal ákvarða stigatölu þannig að fyrsti maður fái jafnmörg stig og þáttökuliðin eru mörg, annar maður einu stigi færri o. s. frv. Ef tveir eða fleiri keppendur eru jafnir í einhverri grein skulu stig skiptast jafnt á milli þeirra.

6. gr.

Einn keppandi skal vera frá hverju liði í hverri keppnisgrein. Hver keppandi hefur rétt til þátttöku í 2 greinum auk boðhlaups. Hvert þáttökulið skal senda keppendur í a.m.k. 5 keppnisgreinar til að teljast fullgildir þátttakendur. Listi með nöfnum keppenda og ekki fleiri en 8 varamönnum skal lagður fram viku fyrir keppni. Nafnabreytingar skal leggja fram fyrir upphaf keppninnar.

7. gr

Það lið, sem hlýtur flest stig hlýtur sæmdarheitið „Bikarmeistari í frjálsíþróttum“. Það lið sem flest stig hlýtur í kvennagreinum, hlýtur sæmdarheitið „Bikarmeistari kvenna í frjálsíþróttum“ og í karlagreinum „Bikarmeistari karla í frjálsíþróttum“. Ef lið verða jöfn í stigakeppninni skal það lið talið sigurvegari sem hlotið hefur fleiri fyrstu sæti í keppnisgreinum. Ef þá er enn jafnt skal árangur þeirra reiknaður út eftir gildandi alþjóða stigatöflu og sigrar það lið þá sem hlýtur hærri stigatölu. Engin einstaklingsverðlaun eru veitt, en hver þátttakandi í sigurliði hlýtur sérstaka viðurkenningu.

8. gr.

Keppendur skulu keppa í félagsbúningi.

9. gr.

Hvert þáttökulið skal tilnefna einn fulltrúa í yfirdómnefnd. Einnig skal stjórn FRÍ tilnefna fulltrúa í nefndina og skal hann vera formaður nefndarinnar. Nefndarmenn skulu vera með dómaraéttindi. Ef kæra berst skulu fulltrúar þeirra þáttökuliða sem tengjast kærinni víkja af fundi.

10. gr.

Nánari reglur um mótið skulu settar af stjórn FRÍ hverju sinni.

Greinagerð: Tillaga að Bikarkeppni FRÍ til að hægt sé að halda áfram með þetta mót, greinum er verulega fækkað og flestar deildir/ sambönd ættu að geta tekið þátt í þessu móti. B lið telja til stiga.

Þingskjal nr. 5: Tillaga að breytingu á reglugerð um MÍ, innanhúss

Tillaga nefndar: Laganefnd leggur til að tillaga verði felld.

Niðurstaða þings: Tillaga felld.

Efni tillögu:

TILLAGA AÐ BREYTINGU Á
31. REGLUGERÐ UM MEISTARAMÓT ÍSLANDS, INNANHÚSS

60. Frjálsíþróttahósti, haldið í Reykjavík 30. apríl og 1. maí 2016, samþykkir breytingu á Reglugerð um Meistaramót Íslands, innanhúss.

2.4.2.9. Þeir keppendur sem ná 8 bestu tímum í undanrásum í (60 m grindahlaupi og í) 60 m hlaupi taka sæti í úrslitum. Ef fleiri en tveir ná áttunda besta tíma skal fara fram umhlaup um laus sæti í úrslitum.

Greinargerð:

Lagt er til að hreint úrslitahlaup verði í 60 m grindahlaupi í flokki 13 ára pílta, 14 ára pílta, 13 ára stúlkna og 14 ára stúlkna, eins og hefur verið framkvæmt á unglingsmeistaramóti Íslands innanhúss. Því er lagt til að það sem er innan sviga falli út. Félög þurfa að vanda skráningar svo að bestu einstaklingarnir keppi saman í riðlum.

Þingskjal nr. 6: Tillaga að breytingu á reglugerð um MÍ, utanhúss
Tillaga nefndar: Laganefnd leggur til að tillaga verði samþykkt.
Niðurstaða þings: Samþykkt samhljóða
Efni tillögu:

TILLAGA AÐ BREYTINGU Á
30. REGLUGERÐ UM MEISTARAMÓT ÍSLANDS, UTANHÚSS

60. Frjálsíþróttaping, haldið í Reykjavík 30. apríl og 1. maí 2016, samþykkir breytingu á Reglugerð um Meistaramót Íslands, utanhúss.

5.1. Keppnisgreinar:

Pilta- og stúlknaflokkur 13 ára:

100 m hlaup, 80 m grindahlaup, **600 m hlaup**, hástökk, langstökk, kúluvarp, spjót kast og 4x100 m boðhlaup.

Pilta- og stúlknaflokkur 14 ára:

100 m hlaup, 80 m grindahlaup, **600 m hlaup**, hástökk, langstökk, kúluvarp, spjót kast og 4x100 m boðhlaup.

Greinargerð:

Lagt er til að keppt verði í 600 m hlaupi í flokkum pilta og stúlkna 13-14 ára

Þingskjal nr. 7: **Tillaga að breytingu á reglugerð um MÍ, utanhúss**
Tillaga nefndar: Laganefnd leggur til að tillaga verði samþykkt.
Niðurstaða þings: Tillagan samþykkt, með áorðnum breytingum eftir tillögum Andra Snæs Ólafssonar
Efni tillögu:

TILLAGA AÐ BREYTINGU Á
30. REGLUGERÐ UM MEISTARAMÓT ÍSLANDS, UTANHÚSS

60. Frjálsíþróttaping, haldið í Reykjavík 30. apríl og 1. maí 2016, samþykkir breytingu á Reglugerð um Meistaramót Íslands, utanhúss.

2.4.6 Þeir keppendur sem ná 12 bestu tímum í undanrásum í spretthlaupum á 6 brauta völlum, og þeir keppendur sem ná 16 bestu tímum á 8 brauta völlum á mótum taka sæti í úrslitum. Ef tveir eða fleiri ná sama tíma í 12 sæti á 6 brauta völlum, og tveir eða fleiri ná sama tíma í 16. sæti á 8 brauta völlum, skal fara fram umhlaup um laus sæti í úrslitum.

Greinargerð:

Þar sem aðeins 2 vellir hafa 8 brautir á Íslandi og samkvæmt reglugerð um aðstöðu fyrir frjálsíþróttamót þá má keppa á 6 brauta völlum í þessum flokkum er lagt til að ef keppt sé á 6 brauta völlum nægir að 12 bestu tímar fari í úrslit.

Þingskjal nr. 9: Tillaga að breytingu á reglugerð um MÍ, innanhúss
Tillaga nefndar: Laganefnd leggur til að tillaga verði samþykkt.
Niðurstaða þings: Tillagan samþykkt.
Efni tillögu:

TILLAGA AÐ BREYTINGU Á
31. REGLUGERÐ UM MEISTARAMÓT ÍSLANDS, INNHÚSS

60. Frjálsíþróttahing, haldið í Reykjavík 30. apríl og 1. maí 2016, samþykkir breytingu á Reglugerð um Meistaramót Íslands, innanhúss.

2.4.2.6. Keppnisgreinar:

Pilta- og stúlknaflokkur 13 ára:

60 m hlaup, 60 m grindahlaup, **600 m hlaup**, hástökk, langstökk, kúluvarp og 4x200 m boðhlaup.

Pilta- og stúlknaflokkur 14 ára:

60 m hlaup, 60 m grindahlaup, **600 m hlaup**, hástökk, langstökk, kúluvarp og 4x200 m boðhlaup.

Greinargerð:

Lagt er til að keppt verði í 600 m hlaupi í flokkum pilta og stúlkna 13-14 ára, í stað 800 m hlaupa í sömu flokkum.

Þingskjal nr. 10: Tillaga að breytingu á reglugerð um Bikarkeppni FRÍ, innanhúss
Tillaga nefndar: Meirihluti nefndar leggur til að sé samþykkt með breytingum.
Niðurstaða þings: Tillagan samþykkt.
Efni tillögu:

TILLAGA AÐ BREYTINGU Á

32.2 Reglugerð um Bikarkeppni FRÍ, innanhúss

60. Frjálsíþróttaping, haldið í Reykjavík 30. apríl og 1. maí 2016, samþykkir breytingu á Reglugerð um Bikarkeppni FRÍ, utanhúss.

32.2 Bikarkeppni FRÍ innanhúss

1. grein

Keppnin heitir „Bikarkeppni FRÍ, innanhúss” og skal hún haldin árlega, tímasetning ákvarðast af þingi eða stjórn FRÍ. Þáttökufrestur til að skrá inn lið er tveimur vikum fyrir mótið.

2. grein

Þáttökurétt eiga öll félög er aðild eiga að ÍSÍ. Heimilt er að senda sameiginleg lið tveggja félaga/sambanda eða fleiri til keppni, einnig er félögum eða samböndum heimilt að senda fleiri en eitt lið til keppinnar í hvorum flokki. **Öll lið telja til stiga.** Hverju liði er einungis heimilt að senda einn keppanda í hverja keppnisgrein. Óheimilt er að flytja keppendur milli liða sama aðila. Hvert lið skal senda keppendur í að minnsta kosti 5 greinar í þeim flokki sem þeir taka þátt í. Gestþátttaka er óheimil.

Erlendir ríkisborgarar hafa þáttökurétt í Bikarkeppni FRÍ hafi þeir verið búsettir hér á landi í a.m.k. undanfarna 3 mánuði eða eigi lögheimili á Íslandi og tilkynnt til FRÍ með a.m.k. mánaðar fyrirvara með hvaða félagi þeir ætla að keppa. Fyrir liggja yfirlýsing frjálsíþróttasambands úr heimalandi viðkomandi, um að umræddur íþróttamaður hafi rétt til keppni í frjálsíþróttum í sínu landi og afrit af persónuskilríkjum sem sýna nafn, þjóðerni (þ.e. ríkisborgararétt), kyn og aldur.

3. grein.

Heimilt er að senda eingöngu karlalið eða kvennalið til þátttöku á mótinu.

4. grein.

Keppnin skal fara fram á einum degi.

Keppnisgreinar og niðurröðun þeirra skal vera með eftirfarandi hætti annað hvert ár:

Karlar: 60 m hl, 400 m hl, 1500 m hl, 60 m gr hl, 4x200 m boðhlaup, langstökk, stangarstökk og kúluvarp.

Konur: 60 m hl, 400 m hl, 1500 m hl, 60 m gr hl, 4x200 m boðhlaup, hástökk, þristökk og kúluvarp.

Keppnisgreinar og niðurröðun þeirra skal vera með eftirfarandi hætti annað hvert ár:

Karlar: 60 m hl, 400 m hl, 1500 m hl, 60 m gr hl, 4x200 m boðhlaup, hástökk, þristökk og kúluvarp.

Konur: 60 m hl, 400 m hl, 1500 m hl, 60 m gr hl, 4x200 m boðhlaup, langstökk, stangarstökk og kúluvarp.

Draga skal fyrirfram um röðun á brautir og kast- og stökkröð. **Í 60 m hl, 400 m hl og 60 m grhl skal tryggt að bestu keppendurnir keppi í sama riðli.**

Stjórn FRÍ útbýr og sendir út tímaseðil fyrir keppnina með fjögurra vikna fyrirvara.

5. grein.

Þegar ljóst er hve mörg lið senda þátttakendur, skal ákvarða stigatölu þannig að fyrsti maður fái jafnmörg stig og þáttökuliðin eru mörg, annar maður einu stigi færri o. s. frv. Ef tveir eða fleiri keppendur eru jafnir í einhverri grein skulu stig skiptast jafnt á milli þeirra.

6. gr.

Einn keppandi skal vera frá hverju liði í hverri keppnisgrein. Hver keppandi hefur rétt til þátttöku í 2 greinum auk boðhlaups. Hvert þáttökulið skal senda keppendur í a.m.k. 4 keppnisgreinar til að teljast fullgildir þátttakendur. Listi með nöfnum keppenda og ekki fleiri en 8 varamönnum skal lagður fram viku fyrir keppni. Nafnabreytingar skal leggja fram fyrir upphaf keppinnar.

7. gr

Það lið, sem hlýtur flest stig hlýtur sæmdarheitið „Bikarmeistari í frjálsíþróttum, innanhúss“. Það lið sem flest stig hlýtur í kvennagreinum, hlýtur sæmdarheitið „Bikarmeistari kvenna í frjálsíþróttum, innanhúss“ og í karlagreinum „Bikarmeistari karla í frjálsíþróttum, innanhúss“. Ef lið verða jöfn í stigakeppninni skal það lið talið sigurvegari sem hlotið hefur fleiri fyrstu sæti í keppnisgreinum. Ef þá er enn jafnt skal árangur þeirra reiknaður út eftir gildandi alþjóða stigatöflu og sigrar það lið þá sem hlýtur hærri stigatölu. Engin einstaklings verðlaun eru veitt, en hver þátttakandi í sigurliði hlýtur sérstaka viðurkenningu.

8. grein.

Keppendur skulu keppa í félagsbúningi.

9. gr.

Hvert þáttökulið skal tilnefna einn fulltrúa í yfirdómnefnd. Einnig skal stjórn FRÍ tilnefna fulltrúa í nefndina og skal hann vera formaður nefndarinnar. Nefndarmenn skulu vera með dómaraéttindi. Ef kæra berst skulu fulltrúar þeirra þáttökuliða sem tengjast kærinni víkja af fundi.

10. gr.

Nánari reglur um mótið skulu settar af stjórn FRÍ hverju sinni.

Greinagerð:

Tillaga að Bikarkeppni FRÍ til að hægt sé að halda áfram með þetta mót, greinum er verulega fækkað og flestar deildir/ sambönd ættu að geta tekið þátt í þessu móti. B lið telja til stiga.

Þingskjal nr. 11: Tillaga að breytingu á reglugerð um MÍ, innanhúss

Tillaga nefndar: Laganefnd leggur til að tillagan verði felld.

Niðurstaða þings: Tillagan felld

Efni tillögu:

TILLAGA AÐ BREYTINGU Á

30. Reglugerð um Meistaramót Íslands, innanhúss

60. Frjálsíþróttaping, haldið í Reykjavík 30. apríl og 1. maí 2016, samþykkir breytingu á Reglugerð um Meistaramót Íslands, innanhúss.

2.4. Meistaramót Íslands 11-15 ára, innanhúss

2.4.1. Keppnin skal fara fram á tveimur samliggjandi dögum.

2.4.2. Þátttökurétt eiga þeir sem verða 11 til 15 ára, árið sem keppnin fer fram

2.4.2.1. Keppnisflokkar eru eftirtaldir: Pilta- og stúlknaflokkar 11, 12, 13, 14 og 15 ára.

2.4.2.2. Í pilta- og stúlknaflokki 11 ára hafa aðeins þeir keppendur sem verða 11 ára á árinu þátttökurétt.

2.4.2.3. Í pilta- og stúlknaflokki 12 ára hafa aðeins þeir keppendur sem verða 12 ára á árinu þátttökurétt, undantekning sjá grein 2.4.2.8.

2.4.2.4. Í pilta- og stúlknaflokki 13 ára hafa aðeins þeir keppendur sem verða 13 ára á árinu þátttökurétt, undantekning sjá grein 2.4.2.8.

2.4.2.5. Í pilta- og stúlknaflokki 14 ára hafa aðeins þeir keppendur sem verða 14 ára á árinu þátttökurétt, undantekning sjá grein 2.4.2.8.

2.4.2.6. Í pilta- og stúlknaflokki 15 ára hafa aðeins þeir keppendur sem verða 15 ára á árinu þátttökurétt, undantekning sjá grein 2.4.2.8.

2.4.2.7. Keppnisgreinar:

Pilta- og stúlknaflokkur 11 ára:

60 m hlaup, 600 m hlaup, hástökk, langstökk, kúluvarp og 4x200 m boðhlaup.

Pilta- og stúlknaflokkur 12 ára:

60 m hlaup, 600 m hlaup, hástökk, langstökk, kúluvarp og 4x200 m boðhlaup.

Pilta- og stúlknaflokkur 13 ára:

60 m hlaup, 60 m grindahlaup, **600 m hlaup**, hástökk, langstökk, kúluvarp og 4x200 m boðhlaup.

Pilta- og stúlknaflokkur 14 ára:

60 m hlaup, 60 m grindahlaup, **600 m hlaup**, hástökk, langstökk, kúluvarp og 4x200 m boðhlaup.

Pilta- og stúlknaflokkur 15 ára:

60 m hlaup, 60 m grindahlaup, 800 m hlaup, hástökk, langstökk, kúluvarp og 4x200 m boðhlaup.

2.4.3. Á mótinu skal keppa um titilinn Íslandsmeistari félagsliða 11-**15** ára, þannig að lögð eru saman stig úr öllum flokkum mótsins.

3.7. Stigakeppni á Meistaramóti Íslands 11-**15** ára fer þannig fram að sigurvegari í hverri grein fær 10 stig, annar fær 9 stig o.s.frv., þannig að 10. sæti fær 1 stig. Það félag sem stigahæst verður samanlagt í hverjum flokki hlýtur titilinn Íslandsmeistari félagsliða í frjálsum íþróttum í sínum flokki.

Greinargerð:

15 ára unglingar eru í grunnskóla, því er lagt til að meistaramóti Íslands verði breytt úr flokki 11-14 ára í 11-15 ára. Ef þessi tillaga verður samþykkt þarf að breyta reglugerð um unglingameistaramót einnig.

Þingskjal nr. 12: Tillaga að breytingu á reglugerð FRÍ - varastjórnarmenn

Tillaga nefndar: Laganefnd leggur til að tillaga verði samþykkt.

Niðurstaða þings: Samþykkt

Efni tillögu:

TILLAGA AÐ BREYTINGU Á REGLUGERÐ FRÍ

Lögð fyrir þing FRÍ 2016 af frjálsíþróttadeild Breiðabliks

Frjálsíþróttabing, haldið í Reykjavík 30. apríl og 1. maí 2016, samþykkir svohljóðandi breytingu á reglugerð FRÍ nr. 51 (Reglugerð um fundarsköp og vinnureglur stjórnar og nefnda):

Grein 1.3 hljóði þannig:

Varamenn taka sæti aðalmanna í stjórn í forföllum stjórnarmanna í þeirri röð sem þeir voru kosnir. **Hafi varastjórnarmenn verið sjálfkjörnir skulu þeir taka sæti í stjórn í þeirri sömu röð og þeir voru bornir upp á þingi.**

Greinargerð

Grein 1.3 hljóðar þannig nú:

Varamenn taka sæti aðalmanna í stjórn í forföllum stjórnarmanna í þeirri röð sem þeir voru kosnir. Hafi varastjórnarmenn verið sjálfkjörnir skal dregið um þá röð sem þeir taka sæti í stjórn á fyrsta fundi stjórnar að afloknu þingi.

Síðari hluti greinarinnar tekur við þar sem lögum sleppir (III kafli 15. grein), en í þeim er ekki tekið fram hvernig fara skuli að þegar varamenn eru sjálfkjörnir. Í stað þess að draga um röð varamanna ef og þegar til þess kemur að aðalmenn forfallast felur breytingatillagan í sér að málið skuli afgreitt á þingi. Það verði hlutverk þingforseta eða þess annars sem ber upp lista varamanna að kynna og tilkynna að þar með sé ákveðið í hvaða röð varamenn taka sæti aðalmanna í stjórn.

Með þessari tilhögun er óvissu eytt, hvorki varamenn í stjórn né þingheimur velkjast í vafa um niðurstöðu þings. A.m.k. ekki hvað þetta atriði varðar.

Þingskjal nr. 18: Tillaga að breytingu á reglugerð um MÍ, innanhúss

Nefndin leggur til að:

Tillaga A verði felld. Samþykkt að fella.

Tillaga B verði samþykkt. Samþykkt en einn á móti.

Tillaga C verði felld. Samþykkt að fella en tveir á móti.

Þessi málsmeðferð samþykkt af öllum.

Tillaga um breytingu á 31. Reglugerð um Meistaramót Íslands aðalhluta, innanhúss.

Flm.: Fríða Rún Þórðardóttir f.h. Íþróttafélags Reykjavíkur

Frjálsíþróttabing, haldið í Reykjavík 30. apríl og 1. maí 2016, samþykkir eftirfarandi breytingar á keppnis fyrirkomulagi Meistaramóts Íslands aðalhluta innanhúss.

Tillaga A Að lengja tímann á milli 60m hlaups kvenna og langstökk kvenna í tímaseðli mótsins.

Ef þingskjal 1 verður samþykkt, Þá er dagur á milli greina, tímaseðill er ekki í reglugerð mótsins..

Tillaga B. Að skipta út 4 x 400m boðhlaupi fyrir 4 x 200m boðhlaup.

Laganefnd leggur til að tillagan verði samþykkt.

Tillaga C. Að fella niður undanrásir en velja þess í stað 12-16 bestu inn á mótið þar sem val byggir á árangri á mótum hausts og frá áramótunum á undan. Haldin yrðu A og B úrslit í hlaupagreinum en ein langstökk skeppni með 12 keppendum af hvoru kyni.

Laganefnd leggur til að tillagan verði felld.

Greinargerð: Keppni í langstökki kvenna og 60m hlaup kvenna fer fram með 10 mínútna millibili sem er afar óhagstætt þar sem algengt er að sami einstaklingur keppi bæði í langstökki og 60m hlaupi. Tilgangurinn með því að færa keppni í þessum greinum fjær hvor annarri er að bæta árangur í þessum greinum og gefa keppendum færi á að leggja sig meira fram í þeim báðum.

Mörg félög eiga í dag erfitt með að manna sveit í 4 x 400m boðhlaupi og eru oft á tíðum aðeins 2-3 lið að senda sveitir. Með því að breyta yfir í 4 x 200m boðhlaup ættu fleiri félög kost á að senda keppnislið sem myndi glæða keppnina meira lífi og auka stemminguna á mótinu.

Með nýju fyrirkomulagi varðandi úrslitakeppni mætti halda 2 klst úrslitakeppni í öllum greinum án undanrása og gera mótið sjónvarpsvænna.

Þingskjal nr. 19: Tillaga að breytingu á reglugerð FRÍ um MÍ 15-22ja inni

Tillaga nefndar og þings: Nefndin leggur til að tillögu A verði vísað frá. Samþykkt af þingi.

Tillaga B vísað frá. Samþykkt af þingi.

Tillaga C nefndin náði ekki sameiginlegri niðurstöðu. Samþykkt af þingi.

Nefndin leggur til að tillaga D verði samþykkt. Samþykkt af þingi.

Tillaga að breytingum á 31. reglugerð FRÍ um Meistaramót Íslands 15-22 ára innanhúss.

Flm.: Fríða Rún Þórðardóttir f.h. Íþróttafélags Reykjavíkur

Frjálsíþróttaping, haldið í Reykjavík 30. apríl og 1. maí 2016, samþykkir að gera breytingar á tímaseðli mótsins til að aðlaga hann betur að umfangi mótsins og þörfum keppenda.

Tillaga A) Að raða keppnisgreinum þannig milli daga að langstökk og hástökk sé ekki á sama degi, né að langstökk og þristökk sé á sama degi.

Tillaga: Fyrri dagur: Hástökk og þristökk Seinni dagur: Langstökk og stangarstökk

Skiptingar greina milli daga eru ekki í reglugerð, laganefnd leggur til að tillögunni sé vísað frá.

Tillaga B) Að skipta keppni í kúluvarpi upp á tvo daga, þannig að keppni í kúluvarpi í flokkum 15 ára og og 20-22 ára keppi fari fram á fyrri degi en keppni í flokkum 16-17 og 18-19 ára fari fram á seinni degi.

Skiptingar greina milli daga eru ekki í reglugerð, laganefnd leggur til að tillögunni sé vísað frá.

Tillaga C) Að halda undanrásir og síðan úrslit í keppni í 60 m grindahlaupi.

Laganefnd klofnaði í afstöðu til málsins og vísar tillögunni beint til þingsins

Tillaga D) Að keppni í 400m hlaupi í flokki 15 ára verði að keppni í 300m hlaupi.

Laganefnd leggur til að tillagan verði samþykkt.

Greinargerð:

Margir íþróttamenn keppa bæði í hástökki og langstökki og því er rökrétt að hafa aðra greinina á fyrri degi og hina á seinni degi. Einnig er algengt að sami keppandi keppi bæði í langstökki og þristökki og því er æskilegt að hafa þessar tvær greinar á sitt hvorum deginum. Þegar keppni í vinsælli grein eins og kúluvarpi fer fram í öllum flokkum á sama degi eins og verið hefur verður mun meira álag á þeim keppnisdegi en keppendum í húsinu snarfækkar daginn eftir sem þýðir minni stemming.

Fordæmi er fyrir því á MÍ 11-14 ára að keppt sé bæði í undanrásum og úrslitum og er eðlilegt að svo sé einnig á næsta keppnisstigi fyrir ofan.

Æskilegt væri að stytta keppnisvegalegdina fyrir yngsta aldursflokkinn niður í 300m í stað 400m eins og gert er víða erlendis

Þingskjal nr. 20: Tillaga að breytingu á reglugerð FRÍ um MÍ 15-22ja úti
Nefndin leggur til að: Tillögu A verði vísað frá. Samþykkt af þingi að vísa frá.
Tillaga B verði samþykkt. Samþykkt af þingi.

Tillaga að breytingum á 30. reglugerð FRÍ um Meistaramót Íslands 15-22 ára utanhúss.

Flm.: Friða Rún Þórðardóttir f.h. Íþróttafélags Reykjavíkur

Frjálsíþróttaping, haldið í Reykjavík 30. apríl og 1. maí 2016, samþykkir að gera breytingar á tímaseðli mótsins til að aðlaga hann betur að umfangi mótsins og þörfum keppenda.

Tillaga A) Að raða keppnisgreinum þannig milli daga að langstökk og hástökk sé ekki á sama degi, né að langstökk og þristökk sé á sama degi.

Tillaga: Fyrri dagur: Hástökk og þristökk Seinni dagur: Langstökk og stangarstökk

Skiptingar greina milli daga eru ekki í reglugerð, laganefnd leggur til að tillögunni sé vísað frá.

Tillaga B) Að keppni í 400m hlaupi í flokki 15 ára verði að keppni í 300m hlaupi.

Laganefnd leggur til að tillagan verði samþykkt

Greinargerð:

Margir íþróttamenn keppa bæði í hástökki og langstökki og því er rökrétt að hafa aðra greinina á fyrri degi og hina á seinni degi. Einnig er algengt að sami keppandi keppi bæði í langstökki og þristökki og því er æskilegt að hafa þessar tvær greinar á sitt hvorum deginum.

Æskilegt væri að stytta keppnisvegalengdina fyrir yngsta aldursflokkinn niður í 300m í stað 400m eins og gert er víða erlendis.

Þingskjal nr. 21: **Tillaga að breytingu á reglugerð um MÍ 11-14 innan og utanhúss**

Tillaga nefndar: Nefndin leggur til að þessi tillaga verði felld

Niðurstaða þings: Tillagan felld, þrettán samþykktu tillögu, fjórtán felldu tillöguna

Efni tillögu:

Tillaga að breytingum á reglugerð FRÍ um meistaramót Íslands 11-14 ára utan og innanhúss

Flm.: Fríða Rún Þórðardóttir f.h. Frjálsíþróttadeildar ÍR

Frjálsíþróttahing, haldið í Reykjavík 30. apríl og 1. maí 2016, samþykkir að fella niður keppni til Íslandsmeistaratitils í flokki 11 ára og að Meistaramót Íslands í yngstu aldursflokkunum innanhúss og utan verði Meistaramót Íslands 12-14 ára.

Meirihluti laganeftardar leggur til að tillagan verði felld

Greinargerð: Stefna IAAF og European Athletics í barna- og unglingsfrjálsum sem byggir á rannsóknarniðurstöðum undanfarinna ára í íþróttufræðum kveður á um að vinna skuli gegn ótímabærri sérhæfingu og ótímabærum þrýstingi til keppni um verðlaun eða titla í barnaflokkum. Í nýrri stefnu ÍSÍ um íþróttaupveldi barna og unglings á Íslandi kveður við sama tón og áhersla lögð á að íþróttaiðkun sé lögð að þroska og áhuga barnanna með því m.a. að keppa ekki um Íslandsmeistaratitla fyrr en eftir 12 ára aldur. Til viðmiðunar er hvergi í nágrennalöndum okkar keppt til landsmeistaratitils í frjálsíþróttum fyrr en í fyrsta lagi við 14 ára aldur. Með samþykkt tillögunnar leggjum við okkar að mörkum til að gera frjálsíþróttir aðlaðandi skemmtun og áskorun fyrir börnin og ýtum undir lengri feril í frjálsum en með gamla fyrirkomulaginu

Þingskjal nr. 33: Tillaga að viðbót við 30. og 31. reglugerð FRÍ um MÍ

Tillaga nefndar: Nefndin leggur til að þessi tillaga verði samþykkt

Niðurstaða þings: Tillagan samþykkt

Efni tillögu:

Tillaga að viðbót við 30. og 31. reglugerð FRÍ um Meistaramót Íslands aðalhluta, utanhúss og innanhúss.

Flm.: Fríða Rún Þórðardóttir f.h. Öldungaráðs FRÍ.

Frjálsíþróttahing, haldið í Reykjavík 30. apríl og 1. maí 2016, samþykkir að bæta einni keppnisgrein í öldungaflokkum karla og kvenna inn á greinalista MÍ innan- og utanhúss.

Laganefnd leggur til að tillagan verði samþykkt.

Meistaramóts Íslands innan og utanhúss. Keppnisgreinin sem verður fyrir valinu hvert ár er sama keppnisgrein og alþjóða frjálsíþróttasambandið (IAAF) valdi fyrir HM næst á undan sbr. greinargerð hér fyrir neðan. Keppni í öldungagreininni færi fram næst á undan keppni í viðkomandi keppnisgrein mótsins. Aðeins er um einn aldursflokk að ræða og því bætast aðeins við tvö hlaup í þeim tilfellum sem um hlaupagrein er að ræða, eitt í kvennaflokki og eitt í karlaflokki. Verðlaun fyrir fyrsta, annað og þriðja sætið verða veit þeim þremur körlum og þremur konum sem hljóta flest árangursstig samkvæmt alþjóðlegri %-tölu miðað við reiknað heimsmet.

Greinargerð:

Alþjóða frjálsíþróttasambandið hefur sett inn á tímaseðil HM í frjálsíþróttum innan og utanhúss eina keppnisgrein í karla- og kvennaflokki í öldungaflokkum og er bestu keppendum í hverri grein á heimsvísu boðin þátttaka. Með þessari samþykkt mun FRÍ mun sýna gott fordæmi á alþjóða vísu en hin norðurlöndin hafa annað hvort tekið upp þetta fyrirkomulag eða eru að reyna að koma því á.

Þingskjal nr. 34: Tillaga að breytingu á reglugerð MÍ öldunga, innanhúss

Tillaga nefndar: Nefndin leggur til að þessari tillögu verði vísað frá.

Niðurstaða þings: Tillögu vísað frá.

Efni tillögu:

Tillaga um breytingu á 31. reglugerð um öldunga meistaramót Íslands innanhúss

Flm.: Fríða Rún Þórðardóttir f.h. Öldungaráðs FRÍ.

Frjálsþróttaping, haldið í Reykjavík 30. apríl og 1. maí 2016, samþykkir að fella niður keppni í lóðkasti á Meistaramóti Íslands í öldungaflokkum innahúss.

Laganefnd leggur til að tillögunni verði vísað frá, þar sem heimild öldungaráðs er til staðar til að fella niður keppnisgreinar og/eða bæta við keppnisgreinum á mótinu.

Greinargerð:

Keppnisgreinin er þung í framkvæmd vegna þess að viðurkennd aðstaða er ekki til staðar til að keppni geti farið fram við viðhlítandi aðstæður

Hádegishlé var tekið kl. 13:30

Þingstörf hófust aftur kl. 14:10

Fjárhagsnefnd: Gunnar Smith gerði grein fyrir tillögunum og þingforseti bar þær undir þingheim til samþykktar eða synjunar.

Þingskjal nr. 17 nefndin leggur til að afgreiðslu á þessari tillögu verði frestað

Fríða Rún ræddi um að þetta hefði verið tekið fyrir í Allsherjarnefnd og vísar því stjórnar FRÍ að vinna þessa útfærslu betur um kostnaðarþátttöku. Þessu frestað þar til Allsherjarnefnd tekur sínar tillögur fyrir.

Þingskjal nr. 23 nefndin leggur til að þessi tillaga fari til stjórnar til nánari útfærslu. Verður borin upp þegar Allsherjarnefnd skilar sínu.

Þingskjal nr. 36 nefndin vísar þessu til stjórnar til nánari útfærslu. Fjárhagsáætlun er samþykkt.

Allsherjarnefnd: Formaður nefndarinnar Fríða Rún Þórðardóttir gerði grein fyrir tillögunum og þingforseti bar þær undir þingheim til samþykktar eða synjunar.

Þingskjal nr. 13 nefndin leggur til að þessi tillaga verði samþykkt með áorðnum breytingum. Samþykkt

Pingsályktunartillaga: Hvatning til stjórnvalda um bætta aðstöðu

Lögð fyrir þing FRÍ 2016 af frjálsíþróttadeild Breiðabliks

60. þing Frjálsíþróttasambands Íslands, haldið í Reykjavík 30. apríl og 1. maí 2016, hvetur stjórnvöld, bæjar- og sveitastjórnir í landinu í samvinnu við ríkið, að bæta nauðsynlega frjálsíþróttaaðstöðu innanhúss.

Ljóst er að bæta þarf aðstöðu til innanhússkeppni hér á landi til að mæta alþjóðlegum kröfum og hinni sívaxandi ásókn í æfingar og keppni í frjálsíþróttum. Nauðsynleg aðstaða er frjálsíþróttahús á höfuðborgarsvæðinu sem uppfyllir alþjóðlegar keppniskröfur og hús á Norðurlandi með 200 m hlaupabraut.

Einnig er nauðsynlegt að byggð verði lágmarks æfinga- og keppnisaðstaða víðar á landinu, í sér húsnaði eða sem hluti af annarri aðstöðu.

Greinargerð

Frjálsíþróttir hafa með tilkomu frjálsíþróttahúsa í Laugardal og í Kaplakrika haslað sér völl sem innanhússíþrótt. Auk þess kalla vaxandi kröfur um árangur á alþjóðlegum vettvangi á bætta æfinga- og keppnisaðstöðu fyrir íþróttafólk okkar, það þarf aðgengi að góðri aðstöðu árið um kring ef það á að vera samkeppnishæft við erlenda keppinauta sína. Veðurskilyrði leyfa ekki æfingar í frjálsíþróttum utanhúss nema yfir há sumarið.

Aukin ásókn hefur verið í æfingar hjá yngri flokkum í frjálsíþróttum víða á landinu. Þessi fjöldi skilar sér ekki í eldri unglingsflokkum (18-19 ára) nema hjá þeim félögum sem búa við góða aðstöðu, þ.e. í Reykjavík og Hafnarfirði. Þar hefur iðkendafjöldi farið fram úr öllum áætlunum. Þau félög sem ekki búa við eins góða aðstöðu og félögin í Reykjavík og Hafnarfirði virðast missa sína iðkendum í önnur félög, aðrar íþróttagreinar eða úr íþróttum. Tölur sýna einnig að fylgni er milli árangurs og aðstöðu. Bætingar (met) íslenskra frjálsíþróttamanna því sem næst tvöfölduðust með tilkomu Laugardalshallarinnar. Þetta á við met allra aldurshópa, beggja kynja, úti og inni.

Bætt aðstaða fyrir frjálsíþróttir nýtist líka iðkendum úr öðrum íþróttagreinum. Hún nýtist einnig eldri borgurum sem líka sækja í aukna hreyfingu allt árið. Börn og ungmenni þurfa meiri og fjölbreyttari hreyfipjálfun til mótvægis við hina miklu setu við nám og tölvur. Ein fjölmennasta íþróttagrein landsins, götuhlaup, þarf líka bætta aðstöðu, en um tíuþúsund manns æfa og keppa í götuhlaupum árlega.

Á Íslandi skortir húsnaði sem uppfyllir alþjóðarkröfur til keppni, með sex 200 m hringbrautum og rúmgóðri aðstöðu fyrir áhorfendur. Reynslan t.d. af Reykjavík International Games (RIG) sýnir að mikil spurn er eftir alþjóðlegum mótum innanhúss hér á landi og komast færri að en

vilja. Á vegum ÍSÍ og menntamálaráðuneytisins er nú unnið að skilgreiningu fyrir þjódarleikvanga fyrir helstu íþróttagreinar landsins og því er tækifæri fyrir frjálsíþróttir að skilgreina bæði bæði þjóðleikvang bæði utanhúss- og innanhúss.

Mikil uppbygging hefur átt sér stað á aðstöðu fyrir margar aðrar íþróttagreinar á undanförunum árum og hefur hún skilað sér bæði í auknum fjölda iðkenda og bættem árangri. Þetta bæði við t.d. um fimleika og knattspyrnu í landinu.

Þingskjal nr. 14: Tillaga að breytingu á lögum FRÍ um formannafund
Tillaga nefndar: Nefndin leggur til að þessi tillaga verði samþykkt
Niðurstaða þings: Tillagan samþykkt
Efni tillögu:

Tillaga til breytinga á lögum FRÍ

Lögð fyrir þing FRÍ 2016 af frjálsíþróttadeild Breiðabliks

Frjálsíþróttaping, haldið í Reykjavík 30. apríl og 1. maí 2016, samþykkir svohljóðandi breytingar á lögum FRÍ:

Ný 20. gr. bætist við í III. kafla og hljóði svo:

20. gr.

Formannafundur FRÍ

Stjórn FRÍ skal boða til formannafundar á hverju hausti og að vori þau ár sem þing er ekki haldið. Boða skal formenn allra félaga innan FRÍ eða varamenn þeirra, einn frá hverju félagi. Auk þeirra skulu eiga rétt til setu, með málfrelsi og tillögurétti, stjórnarmenn og starfsmenn FRÍ, fulltrúar allra nefnda sambandsins og fulltrúar FRÍ í stjórnnum og nefndum utan sambandsins innan lands sem utan.

Hlutverk formannafunda að hausti er að yfirfara mótaskrá og tillögu að fjárhagsáætlun næsta árs. Auk þess skal stjórn FRÍ leggja fram skýrslu um störf sín frá síðasta formannafundi eða þingi og upplýsa fundinn um öll helstu mál sem komið hafa til umræðu eða meðferðar.

Á vorfundum skal leggja fram yfirlit um störf stjórnar frá síðasta formannafundi og fara yfir þátttöku í alþjóðlegum mótum og kostnað henni tengdan. Þá skal stjórn leggja fram ársreikninga næstliðins árs til kynningar.

Á dagskrá formannafunda skal auk ofangreinds taka hvert það mál sem formenn eða stjórn óska að ræða.

Formannafundi skal boða með fjögurra vikna fyrirvara og skal send út dagskrá með a.m.k. viku fyrirvara. Haustfundi skal að jafnaði halda í október eða nóvember ár hvert og vorfundi í mars eða apríl, þau ár sem þing eru ekki haldin.

Fimm eða fleiri formenn geta krafist auka-formannafundar og skal sú krafa send stjórn skriflega. Í kröfunni skal greina ástæður þess að fundar er krafist. Komi slík krafa fram skal stjórn FRÍ boða til fundarins og hann haldinn innan fimm vikna frá því að staðfest krafa berst.

Núverandi 20. gr. verði 21. gr., 22. gr. verði 23. o.s.frv.

Greinargerð

Í mörg ár hefur tíðkast innan hreyfingarinnar að boðað er til samráðsfunda með fulltrúum félaga og sambanda að hausti og að vori til og má telja fundina eðlilegan þátt í starfi sambandsins. Þeir

hafa yfirleitt verið gagnlegir fyrir báða aðila, þ.e. stjórn og fulltrúa félaganna. Tilgangur þessarar lagabreytingar er að festa fundina í sessi og færa í fastara form.

Nauðsynlegt er bæði fyrir stjórn og fulltrúa féлага að vera í góðu sambandi, skiptast á skoðunum og hafa vettvang til umræðu og stefnumótunar. Með fundunum skapast þessi vettvangur, félögin geta lagt fram tillögur og/eða kallað eftir skýringum stjórnar á ákvörðunum sem hafa verið teknar eða ekki. Auk þess að vera þannig aðhald fyrir stjórn sambandsins getur stjórnin sótt þar afl til aðgerða, hvort tveggja nauðsynlegt hreyfingunni. Markmið breytingartillögunnar er að bæta samskipti og samráð og styrkja samstarf.

Þingskjal nr. 16: **Tillaga um að vísa umræðu um mót til fastanefnda**
Tillaga nefndar: Nefndin leggur til að þessi tillaga verði samþykkt
Niðurstaða þings: Tillagan samþykkt
Efni tillögu:

Tillaga að ályktun til samþykktar varðandi Skólalþríbraut FRÍ, Viðavangshlaup Íslands og Maráþonboðhlaup FRÍ.

Flm.: Fríða Rún Þórðardóttir f.h. Mótanefndar FRÍ

Frjálsíþróttatæping, haldið í Reykjavík 30. apríl og 1. maí 2016, samþykkir að vísa umræðum um ofangreinda viðburði til fastanefnda FRÍ til umfjöllunar og álitsgjafar. Viðburðirnir eru eftirfarandi, Skólalþríbraut FRÍ sem vísa mætti til Fræðslu- og útbreiðslunefndar, Viðavangshlaup Íslands og Maráþonboðhlaup FRÍ til Langhlaupanefndar.

Greinargerð:

Mikilvægt er að gefast ekki upp á verkefnum þrátt fyrir að þau njóti ekki þeirra vinsælda sem lagt var upp með í upphafi. Mikilvægt er að fjallað sé um viðburðina í sem víðustu samhengi og að stjórn FRÍ leiti sé ráðgjafar hjá ofangreindum nefndum varðandi það hvort að ofangreind mót og viðburðir skulu áfram standa á mótaskrá FRÍ í sömu eða breyttri mynd.

Þingskjal nr. 17: **Tillaga að breytingu á lögum um kostnaðarþátttöku**
Tillaga nefndar: Nefndin leggur til að þessi tillaga verði samþykkt með breytingum
Niðurstaða þings: Tillaga samþykkt, með breytingum
Efni tillögu:

Nefndin leggur til að þessi tillaga verði samþykkt með áorðnum breytingum. Eiríkur Mörk lagði fram breytingatillögu um að fella niður síðustu línuna í þingskjali 17. Eiríkur dregur sína tillögu til baka en Freyr Ólafsson, Þráinn Hafsteinsson og Eiríkur Mörk komu með breytingatillögu um að breyta í **lok maí í stað haust 2016**. Þessi tillaga var samþykkt.

Tillaga að breytingum á lögum FRÍ um kostnaðarþátttöku vegna landsliðsverkefna

Flm.: Friða Rún Þórðardóttir f.h. Frjálsíþróttadeildar ÍR

Frjálsíþróttaping, haldið í Reykjavík 30. apríl og 1. maí 2016, samþykkir að vísa því til stjórnar FRÍ um að gera breytingar á reglum um kostnaðarþátttöku íþróttafólks í keppnisferðum FRÍ. Þingið hvetur stjórn FRÍ til að hafa reglurnar klárar og kynntar á haustfundi FRÍ 2016. Fram að þeim tíma gilda núverandi reglur sem kynntar eru á heimasíðu FRÍ.

Greinargerð:

Þrátt fyrir vænkandi hag hefur Frjálsíþróttasamband Íslands ekki ráð á að greiða allan þann kostnað sem til fellur vegna keppnisferða á stórmót erlendis. Því þarf að finna skýrar og sanngjarnar leiðir til að ákvarða þessar reglur að minnsta kosti fram að næsta Frjálsíþróttapingi árið 2018

Einar Vilhjálmsson tók til máls til þess að útskýra kostnaðurreglur vegna móta sem er á heimasíðu FRÍ.

Þingskjal nr. 22: Tillaga að stofnun Alþjóðanefndar FRÍ

Tillaga nefndar: Nefnd leggur til að tillagan verði borin til atkvæða.

Niðurstaða þings: Tillagan felld í tveimur liðum

Efni tillögu:

Nefndin leggur til að þessi tillaga verði borin upp til kosningar 1.gr tveir samþykkja og tíu á móti. 2-6 gr einn samþykkir og sex á móti.

Flutningsm.: Jónas Egilsson.

Frjálsíþróttaping, haldið í Reykjavík 30. apríl og 1. maí 2016, samþykkir svohljóðandi breytingar á lögum FRÍ og reglugerð um starfsreglur og fundarsköp stjórnar og nefnda FRÍ nr. 51:

1. gr.

Nýr 2. tl. bætist við 19. gr. laga FRÍ. Verkefni fastanefnda, sem hljóðar svo:

Alþjóðanefnd sem er stjórn til ráðgjafar um öll alþjóðleg samskipti, önnur en um þátttöku í mótum.

2. gr.

2. tl. 19. gr. laga FRÍ verður 3. tl., o.s.frv.

3. gr.

Nýr töluliður 6.2. gr. reglugerðar nr. 51 Starfsreglur og fundarsköp stjórnar og nefnda FRÍ hljóðist svo: Alþjóðanefnd.

4. gr.

Töluliður 6.2. reglugerðar nr. 51 verði 6.3., o.s.frv.

5. gr.

Nýr liður 8.2. greinar reglugerðar nr. 51 hljóði svo:

Alþjóðanefnd er stjórn FRÍ til ráðgjafar um öll alþjóðleg samskipti, önnur en þátttöku í mótum. Hún skal taka þau mál sem henni berast eins fljótt og auðið er til afgreiðslu og gera stjórn skriflega grein fyrir tillögum sínum, sem skulu lagðar fyrir næsta reglulega fund hennar. Nefndin skal fylgjast með þróun og gangi mála á alþjóðlegum vettvangi, vinna að almennum hagsmunamálum íslenskra frjálsíþróttar í samvinnu við frjálsíþróttasambönd annarra Norðurlanda, Frjálsíþróttasamband evrópskra smáþjóða (AASSE) og aðra innan vébanda Frjálsíþróttasambands Evrópu (EA) og Alþjóðasambandsins (IAAF), að höfðu samráði við stjórn FRÍ. Formaður nefndarinnar er kynntur erlendis sem *Honorary International Secretary* og fær sérstakt netfang hjá FRÍ.

6. gr.

Töluliður 8.2. reglugerðar nr. 51, verði 8.3. o.s.frv.

Greinargerð

Efni þessarar tillögu skýrir sig að mestu að sjálfst að mestu leyti. Ástæður þessarar tillögu eru aukið vægi og auknar kröfur til alþjóðlegra samskipta og dreifingar verkefna innan sambandsins. Hún er byggð á tillögu um skipun alþjóðanefndar FRÍ sem lögð var fyrir stjórn í ágúst 2015, en hlaut ekki afgreiðslu. Titillinn, *Honorary International Secretary*, vísar til þess að þetta er ekki launað starf, þótt formlegt sé innan sambandsins og hafi því meira vægi en ella.

Erlingur Jóhannsson tók til máls um þessa alþjóðanefnd, hann skilur ekki hvers vegna þurfi að stofna svona nefnd og hver sé tilgangur með þessari nefnd. Hann telur að það sé nóg að formaður og stjórn séu í þessu samstarfi. Einar Vilhjálmsson tók til máls og sagði að leitað hefði verið til fyrirverandi formanna að stofnun þessarar starfsnefndar. Jónas Egilsson tók til máls og ræddi hvað honum fíndist vera verksvið þessarar nefndar. Þetta á að vera nefnd til ráðgjafar og stuðnings við stjórn FRÍ.

Pingskjal nr. 23: Tillaga um þjónustugjald FRÍ og félagaskipti

Tillaga nefndar: Nefndin leggur til að verði vísað til stjórnar

Niðurstaða þings: Samþykkt að vísa til stjórnar

Efni tillögu:

Tillögur til breytinga á reglugerð FRÍ um þjónustugjald og reglugerð um félagaskipti og alþjóðlegan keppnisrétt:

Flm.: Friðrik Þór Óskarsson, Jónas Egilsson.

Frjálsíþróttáþing, haldið í Reykjavík 30. apríl og 1. maí 2016, samþykkir svohljóðandi reglugerð um þjónustugjöld til FRÍ og viðbót við reglugerð um félagaskipti og alþjóðlegan keppnisrétt:

I. Reglur um innheimtu þjónustugjalds FRÍ

1. gr.

Innheimt skal kr. 1.500 pr. þjónustugjald á hvern skráðan iðkanda hverju ári vegna skráningar á afrekaská FRÍ. Gjaldið skal innheimt af öllum keppendum á afrekaskrá 11 ára og eldri hverju sinni. Heimilt er að fella gjaldið niður fyrir keppendur 67 ára og eldri.

Gjaldið skal grundvallað á skráningum í afrekaskrá FRÍ tímabilið, frá 1. október árinu áður til og með 30. september árið sem gjaldið er innheimt. Það skal greiðast fyrir 1. desember ár hvert. Skipti keppandi um félag um áramót eða síðar, skal það félag sem viðkomandi keppir fyrir á gjaldaárinu standa skil á gjaldinu.

2. gr.

Gjaldið skal innheimt af félagi eða mótshaldara og skilist til FRÍ og setur stjórn FRÍ nánari reglur um fyrirkomulag innheimtu þess. Ákvæði um innheimtu þessa gjalds skulu gilda þar til annað er ákveðið á þingi sambandsins. Ákvæði til bráðabirgða Jafnframt er felld út gildi, samþykkt frá þingi FRÍ á 2014 um innheimtu þjónustugjalds grundvallað á Felix skráningarkerfi ÍSÍ.

II. Tillaga um viðbótarákvæði við Reglugerð um félagaskipti og alþjóðlegan keppnisrétt

Samþykkt er svohljóðandi viðbótar málsgrein við 1. ml. 2. gr. reglugerðar FRÍ nr. 11 um félagaskipti og alþjóðlegan keppnisrétt.

3. gr.

Allir keppendur á frjálsíþróttamótum og þeir sem vilja fá skráðan árangur á afrekaskrá skulu vera skráðir í félag innan ÍSÍ. Keppendum í götuhlaupum er heimilt að keppa undir nafni sérstaks keppnisliðs eða hóps sem ekki er skráður í félagakerfi ÍSÍ. Einnig er heimilt að keppa undir sameiginlegu liði eða keppnishóp, innan héraðs eða milli héraða. Allir keppendur í sameiginlegu

liði skulu vera skráðir í viðurkennt félag innan ÍSÍ. Skráningarnefnd FRÍ skal halda utan um skráningar keppnisliða og sameiginlegra liða. Ekki er heimilt fyrir keppendur eins félags að keppa undir nafni annars skráðs félags innan ÍSÍ sem keppnisliðs. Stjórn FRÍ skal setja nánari reglur um nánari útfærslu á þessum reglum.

Greinargerð

Þessar samþykktir eru settar í eitt þingskjal þar sem síðari tillagan er nauðsynleg og rökrétt framhald af þeirri fyrri. Reyndar hafa ákvæði um skráningu félaga og iðkenda innan FRÍ og reyndar ÍSÍ ekki verið nægilega nákvæm eða boðið upp á sveigjanleika sem nauðsynlegur er við rekstur nútíma íþróttastarfsemi. Gjaldi þessu er fyrst og fremst ætlað að standa undir kostnaði við rekstur og viðhald forrits og umsjón með afrekaskrá FRÍ og mótaforritinu Þór, sem flestir frjálsíþróttamenn þekkja. Það er bæði mótaskráningarkerfi og gagnagrunnur fyrir afrekaskrá FRÍ, unnið og þróað af Friðriki Þór Óskarssyni. Afrekaskráin er raunhæfasti mælikvarðinn á fjölda iðkenda og afreka hverju sinni. Félögum verður í sjálfsveld sett hvort þau innheimta þetta gjald til viðbótar sínum venjulegu iðkendagjöldum eða taki það af öðrum tekjustofnum sínum. Alls voru um 16 þús. manns með skráð frjálsíþróttafrek á tímabilinu 1. október 2014 til 30. september 2015, sjá fylgiskjal. Þar af er um fjórðungur skráður innan íþróttahreyfingarinnar (skráð í félag innan ÍSÍ), en 2/3 ófélagsbundinn, en það eru einstaklingar sem keppa í opinberum götuhlaupum og hafa skráð afrek, en er ekki í opinberu íþróttafélagi. Mikill áhugi er hjá flestum þessara einstaklinga að hafa skráð afrek á opinbera afrekaskrá. Talsverður tími hefur farið í hjá skrifstofu en aðalllega skráningarnefnd að leita uppi og uppfæra afrekaskrár í samræmi við úrslit móta, ekki síst götuhlaupa erlendis. Áætlað er að þetta gjald gefi sambandinu um 4 - 4,5 m.kr. tekjur árlega af „hefðbundnum“ frjálsíþróttaiðkendum sem voru um 4.100 manns sem eru á skrá á umræddu tímabili, m.v. kr. 1.500 gjald pr. mann á ári. Reyndar er nokkur fjöldi þar innan félaga sem ekki eru með hefðbundnar frjálsíþróttir, heldur er um skokkhópa að ræða. Semja þarf við þessi félög um framkvæmdina. Til viðbótar má búast við að aðrar 3 - 4 m.kr. skili sér af þeim stunda götuhlaup eingöngu, en um 10.500 manns eru með skráð afrek en eru ófélagsbundnir. Óvissa er þó um hve vel þær tekjur skila sér. Varlega áætlað er að um 10% þeirra iðkenda séu tilbúnir að skrá sig í félag innan ÍSÍ með þeim ávinningi sem því fylgdi, auk þess að komast í afrekaskrá. Gert er ráð fyrir að þetta gjald verði innheimt árlega, þar til annað verður ákveðið og á síðari hluta ársins, þannig að félögum gefist tími til að innheimta þetta gjald hjá sínum iðkendum fyrri hluta ársins. Einhver kostnaður kemur á móti, við að fullgera forritið og í umsjón og kennslukostnað við það. FRÍ hefur ekki getað endurnýjað mótaforritið sem Arnþór Sigurðsson vann á sínum tíma og gaf sambandinu og er orðið óvirkt vegna aldurs. Friðrik Þór Óskarsson hefur þróað og unnið annað forrit, Mótaforritið Þór, sem er bæði nútímalegra og vinnur með gagnagrunni. Þetta fyrirkomulag er mun réttlátara en það sem samþykkt var 2014, því að hér er í boði skilgreind þjónusta og ekki innheimt þeim sem ekki keppa og nýta ekki þjónustu við mótakerfi og úrslitavinnslu og afrekaskrá. Eins nota sum félög Felix-skráningarkerfið sem skrá yfir félaga líka, en þeir eru ekki iðkendur og nýta sér ekki

þjónustu FRÍ. Einhvern tíma mun taka að ná inn stærstum hópi frjálsíþróttaiðkenda utan „hefðbundinnar“ starfsemi. Stjórn FRÍ mun þurfa að kynna þessar hugmyndir og innleiða í samvinnu við mótshaldara götuhlaupa sem ekki telja sig vera með frjálsíþróttir innan sinna vébanda. Með viðbótarákvæðum við reglugerð um keppnisrétt er verið að bæta við „keppnisliði“ þ.e. möguleiki fyrir keppendur eða aðra að mynda sérstakt keppnislið, hvort sem er fyrir eitt tilvik eða fleiri. Þetta er gert af tveimur ástæðum. Annars vegar til að koma til móts við keppendur og lið sem vilja keppa undir nafni sérstaks keppnisliðs, en ekki síður til hagræðis fyrir skráningu afreka. Í grunninn eru allir skráðir í félag innan ÍSÍ og þar að leiðandi í íþróttabandalag eða héraðssamband. Atvik geta kallað á sérstök sameiginleg lið eða skiptingu liða eins og þekkt er, t.d. hefur sameiginlegt lið „Norðurlands“ eða Sam-Vest verið skráð til keppni. Þá hafa nokkur félög skráð A og B lið til keppni. Eins hafa keppendur innan HSK hafa keppt undir nafni „HSK-Selfoss.“ Ennfremur eru til ýmsir skokkhópar, tengdir vinnustöðum, félögum eða jafnvel sundstöðum sem dæmi. Með þessu ákvæði geta keppendur, þó þeir séu skráðir í tiltekið félag, keppt undir nafni annars hóps sem þarf ekki að vera skráður. Iðkendur geta keppt að sjálfsögðu fyrir sitt félag eða héraðssamband eða íþróttabandalag áfram, en ekki verður þó hægt að búa til „keppnislið“ undir nafni félagsliðs með keppendum úr öðrum viðurkenndum félögum. Í báðum tilfellum er gert ráð fyrir að stjórn FRÍ setji nánari reglur um framkvæmd innheimtunar og hefur þannig svigrúm til að leita samráðs við aðra aðila um bæði framkvæmdina og kynna ávinning allra af þessu fyrirkomulagi.

Þingskjal nr. 24: Tillaga að eflingu siðareglna FRÍ og áskorun á ÍSÍ

Tillaga nefndar: Nefnd leggur til að tillagan sé samþykkt tvískipt.

Niðurstaða þings: Tillögur samþykktar

Efni tillögu:

Þingskjal nr 24 er skipt í tvennt nr 24A er borið upp til samþykktar. Samþykkt.

Tillaga um eflingu siðareglna FRÍ.

Flm.: Fríða Rún Þórðardóttir, Freyr Ólafsson, Unnur Sigurðardóttir f.h. ÍBR

Frjálsíþróttabing, haldið í Reykjavík 30. apríl og 1. maí 2016, samþykkir að stjórn FRÍ endurskoði siðareglur FRÍ og styrki þær á þann máta sem stjórnin telur þörf á til að þær gegni hlutverki sínu. Einnig, að kveðið verði skýrt á um í siðareglunum um æskilega viðbragðsáætlun, verði uppvíst um einelti eða kynferðislega áreitni í starfi innan vébanda FRÍ. Þingið áréttar mikilvægi þess að FRÍ og sambandsaðilar tryggi að reglurnar séu sýnilegar, þeim sé fylgt og að tilvist þeirra hafi þannig mögulega tiltekinn fælingarmátt.

Greinargerð:

Það er mikilvægt að sérsamband eins og FRÍ hafi skýrar siðareglur og viðbragðsáætlanir sem haldið er á lofti og að félög innan FRÍ geti sótt þangað upplýsingar og fyrirmynd að sínum eigin siðareglum og viðbragðsáætlunum.

Þingskjal nr. 24B er borið upp til samþykktar. Samþykkt.

Tillaga um áskorun til ÍSÍ vegna siðareglna, um að vera leiðandi varðandi málaflokksins

Flm.: Fríða Rún Þórðardóttir, Freyr Ólafsson, Unnur Sigurðardóttir f.h. ÍBR

Frjálsíþróttabing, haldið í Reykjavík 30. apríl og 1. maí 2016, skorar á ÍSÍ að Íþróttasambandið sé leiðandi í umræðum um óæskilega hegðun, til að mynda einelti og kynferðislega áreitni. ÍSÍ styðji þannig íþróttahreyfinguna alla í að, annars vegar stemma stigu við slíkum gjörðum og hins vegar með aðgengilegum upplýsingum fyrir þolendur um hvert þeir eigi að leita komi slík mál upp.

Greinargerð:

ÍSÍ eru okkar regnhlífir samtök og þeim ber að vera góð fyrirmynd sem og að vera leiðandi í slíkum málefnum.

Þingskjal nr. 23: **Tillaga til þingsályktunar um frjálsípróttaaðstöðu**

Tillaga nefndar: Nefnd leggur til að tillagan verði samþykkt.

Niðurstaða þings: Tillagan samþykkt

Efni tillögu:

Þingskjal nr. 25 nefndin leggur til að þessi tillaga sé samþykkt. Samþykkt.

Tillaga til þingsályktunar um frjálsípróttaaðstöðu

Flutningsmaður Freyr Ólafsson, f.h. ÍBR

"60. frjálsípróttatæing haldið í Reykjavík 30. apríl og 1. maí 2016 skorar á Reykjavíkurborg að hvika hvergi frá þeirri grunnkröfu hreyfingarinnar að ávalt sé fullbúinn alþjóðlegur frjálsípróttavöllur í Laugardalnum í Reykjavík sem uppfyllir alþjóðlegar kröfur sem staðfestar eru af Frjálsípróttasambandi Íslands"

Þingskjal nr. 26: Breytingar á lögum FRÍ - fastanefndir
Tillaga nefndar: Nefnd leggur til að tillagan verði samþykkt.
Niðurstaða þings: Tillagan samþykkt
Efni tillögu:

Tillaga til breytinga á lögum FRÍ

Flm.: Freyr Ólafsson, f.h. ÍBR

Frjálisþróttaping, haldið í Reykjavík 30. apríl og 1. maí 2016, samþykkir breytingu á 18. grein í lögum FRÍ varðandi fastanefndir.

18. grein þar sem fjallað er um fastanefndir verði, ef tillögur um breytingu á verkefnum fastanefnda verða samþykktar eftirfarandi tæmandi listi yfir fastanefndir og -ráð. „Fjárhagsnefnd, fræðslu- og útbreiðslunefnd, íþrótt- og afreksnefnd, laganefnd, orðunefnd, öldungaráð, skráningarnefnd, langhlaupanefnd, dómarnefnd, móta- og mannvirkjanefnd, unglínganefnd, íþróttamannanefnd.“

Einnig að annar liður 19. greinar hljóði svo eftir breytingar.

„Fjárhagsnefnd hefur umsjón með fjárhagsmálum sambandsins, vinnur að undirbúningi fjárhagsáætlana sem og að tryggja að gildandi fjárhagsáætlun sé fylgt. Gjaldkeri FRÍ er formaður nefndarinnar.“

Greinargerð

Mikilvægt er að þing samþykki lista yfir nefndir í 18. grein svo þær séu til samræmis við verkefni nefnda í 19. grein.

Þingskjal nr. 27: Breytingar á lögum FRÍ - Fræðslu og útbreiðslunefnd

Tillaga nefndar: Nefnd leggur til að tillagan verði samþykkt.

Niðurstaða þings: Tillagan samþykkt

Efni tillögu:

Tillaga til breytinga á lögum FRÍ

Flm.: Freyr Ólafsson, f.h. ÍBR

Frjálsíþróttahing, haldið í Reykjavík 30. apríl og 1. maí 2016, samþykkir breytingu á 19. grein í lögum FRÍ varðandi fræðslu- og útbreiðslunefnd, sem er ein fastanefnda.

Við þriðja lið 19. greinar, um fræðslu- og útbreiðslunefnd verði bætt klausu, þannig að með áorðnum breytingum hljóði verkefni nefndarinnar svo:

„Fræðslu- og útbreiðslunefnd hefur umsjón með stefnumótun í fræðslumálum og námskeiðshaldi innan frjálsíþróttahreyfingarinnar. Nefndin er stjórn FRÍ til ráðgjafar varðandi útbreiðslumál í samvinnu við aðrar nefndir FRÍ og starfsmenn sambandsins. Nefndin vinnur að eflingu frjálsíþróttar fyrir börn og ungmenni og er ráðgefandi um verkefni, æfingar og keppni sem henta þykir hverju þroskastigi.“

Greinargerð

Hér er skert á útbreiðsluhluta fræðslu- og útbreiðslunefndar með frekari lýsingum eins og sjá má að ofan.

Þingskjal nr. 28: **Breytingar á lögum FRÍ - Dómaranefnd**
Tillaga nefndar: Nefnd leggur til að tillagan verði samþykkt.
Niðurstaða þings: Tillagan samþykkt
Efni tillögu:

Tillaga til breytinga á lögum FRÍ

Flm.: Freyr Ólafsson, f.h. ÍBR

Frjálsíþróttáþing, haldið í Reykjavík 30. apríl og 1. maí 2016, samþykkir breytingu á 19. grein í lögum FRÍ varðandi tækninefnd, sem er ein fastanefnda.

*19. grein þar sem fjallað er um verkefni tækninefndar verði gerð nafnabreyting og nefndin nefnist hér eftir dómaranefnd. Verkefnislýsing nefndar hljóði þá svo eftir breytingu:
„Dómaranefnd hefur umsjón með dómaramálum og öllum leikreglum, efri stig dómarafræðslu og útgáfu á leikreglum í frjálsíþróttum.“*

Greinargerð

Tækninefnd er ekki lengur réttnefni. Tæknimál eiga frekar heima undir því sem er lagt til að fái nafnið Móta- og mannvirkjanefnd. Rétt er að forðast rugling með því að gefa nefndinni réttnefnið dómaranefnd.

Þingskjal nr. 29: Breytingar á lögum FRÍ - fastanefndir
Tillaga nefndar: Nefnd leggur til að tillagan verði samþykkt.
Niðurstaða þings: Tillagan samþykkt
Efni tillögu:

Þingskjal nr. 29 (var líka nr 15)

Tillaga til breytinga á lögum FRÍ

Flm.: Freyr Ólafsson, f.h. ÍBR

Frjálsíþróttáþing, haldið í Reykjavík 30. apríl og 1. maí 2016, samþykkir breytingu á 18. grein í lögum FRÍ varðandi fastanefndir.

18. grein þar sem fjallað er um fastanefndir verði, ef tillögur um breytingu á verkefnum fastanefnda verða samþykktar eftirfarandi tæmandi listi yfir fastanefndir og -ráð.

„Fjárhagsnefnd, fræðslu- og útbreiðslunefnd, íþrótta- og afreksnefnd, laganefnd, orðunefnd, öldungaráð, skráningarnefnd, langhlaupanefnd, dómarnefnd, móta- og mannvirkjanefnd, unglínganefnd, íþróttamannanefnd.“

Greinargerð

Mikilvægt er að þing samþykki lista yfir nefndir í 18. grein svo þær séu til samræmis við verkefni nefnd í 19. grein.

Þingskjal nr. 30: **Breytingar á lögum FRÍ - Langhlaupanefnd**

Tillaga nefndar: Nefnd leggur til að tillagan verði samþykkt.

Niðurstaða þings: Tillagan samþykkt

Efni tillögu:

Tillaga til breytinga á lögum FRÍ

Flm.: Freyr Ólafsson, f.h. ÍBR

Frjálsþróttáþing, haldið í Reykjavík 30. apríl og 1. maí 2016, samþykkir breytingu á 19. grein í lögum FRÍ varðandi almenningshlaupanefnd og ofurhlaupanefnd, sem eru hluti fastanefnda. Hér er lagt til að þær verði sameinaðar báðum til eflingar.

19. grein þar sem fjallað er um verkefni almenningshlaupanefndar annars vegar og ofurhlaupa-nefndar hins vegar og þeim skeytt saman. Ný nefnd hafi eftirfarandi verkefni með höndum:

„Langhlaupanefnd er stjórn til ráðgjafar um málefni götu-, víðavangs-, almennings-, fjallahlaup og ofurhlaup. Nefndin hefur með höndum tillögugerð um skipulag og framkvæmd hlaupa innanlands og vinnur að viðhaldi hlaupaskrár og yfirliti yfir viðurkenndar hlaupaleiðir. Nefndin heldur lista yfir tengiliði við alla virka hlaupahópa innan ÍSÍ og leitar leiða til að miðla upplýsingum milli hópa um það sem gengur vel og virkar til eflingar. Nefndin vinnur með öðrum nefndum varðandi afrekaskrá í hlaupum.“

Greinargerð

Kröftugrar nefndar er þörf til að vinna að málefnum lengri hlaupa sem hefur yfirsýn yfir allan málaflokkinn. Unnist hefur vel í að koma á reglum varðandi ofurhlaup sem unnið hefur verið í sérstakri nefnd. Nú er óhætt að huga að næstu átökum til eflingar lengri hlaupa

Þingskjal nr. 31: Breytingar á lögum FRÍ - Móta- og mannvirkjanefnd

Tillaga nefndar: Nefnd leggur til að tillagan verði samþykkt.

Niðurstaða þings: Tillagan samþykkt

Efni tillögu:

Tillaga til breytinga á lögum FRÍ

Flm.: Freyr Ólafsson, f.h. ÍBR

Frjálsíþróttáþing, haldið í Reykjavík 30. apríl og 1. maí 2016, samþykkir breytingu á 19. grein í lögum FRÍ varðandi mannvirkjanefnd, sem er ein fastanefnda.

19. grein þar sem fjallað er um verkefni mótanefndar annars vegar og mannvirkjanefndar hins vegar og þeim skeytt saman. Ný nefnd hafi eftirfarandi verkefni með höndum:

„Móta- og mannvirkjanefnd vinnur með langtíma skipulag frjálsíþróttamóta og útgáfu mótaskrár. Þá er nefndin ráðgefandi varðandi kröfur og staðla varðandi framkvæmd móta, mannvirki, búnað, tæki og tæknibúnað.“

Greinargerð

Þörf er á kröftugri nefnd sem sameinar þær kröfur sem gerðar eru til frjálsíþróttamóta til að hjálpa hreyfingunni að efla og þroska sig í mótahaldi. Verkefni nefndar ættu að skýra sig sjálf í texta að ofan að öðru leyti.

Þingskjal nr. 32: Afreksstefna FRÍ

Tillaga nefndar: Nefndin leggur til að þessi tillaga sé samþykkt.

Niðurstaða þings: Drög að afreksstefnu samþykkt og starfsnefnd skipuð

Efni tillögu:

Einar Vilhjálmsson tók til máls um Afreksstefnu FRÍ, erfitt hefur verið að komast að sameiginlegri niðurstöðu um okkar afreksstefnu. Andri Snær var með vangaveltu um að skipa nefndarmenn núna.

Nefndin leggur til að þessi tillaga sé samþykkt. Samþykkt.

Flm.: Fríða Rún Þórðardóttir fh. allsherjarnefndar

Frjálsíþróttaping, haldið í Reykjavík 30. apríl og 1. maí 2016, *samþykkir drög að afreksstefnu FRÍ og að skipuð sé nefnd með einum fulltrúa úr stjórn FRÍ og fulltrúum að minnsta kosti fimm félagamönnum um og lýkur við afreksstefnu FRÍ 2016. Afreksstefna FRÍ skal kynnt sambandsaðilum með tölvupósti, kynnt á heimasíðu FRÍ og send til ÍSÍ ekki síðar en 31. maí 2016.*

Tillaga að nefndarmönnum er eftirfarandi: Formaður FRÍ, Einar Vilhjálmsson, Eiríkur Mörk fyrir hönd Breiðabliks, Erlingur Jóhannsson fyrir hönd HSK/Árman, Fríða Rún Þórðardóttir fyrir hönd ÍR, Lovísa Hreinsdóttir fyrir hönd UÍA og Súsanna Helgadóttir fyrir hönd FH.

Greinargerð

Mikil vinna og góð hefur verið lögð í að vinna afreksstefnu FRÍ og margir hafa komið að þeirri vinnu. Setja þarf lokahnykkinn á vinnuna og kynna fyrir sambandsaðilum. Afreksstefna FRÍ er þó lifandi skjal sem er stöðugt til umsagnar og skal vera til formlegrar umfjöllunar á hverju Frjálsíþróttapingi og á haustþingi FRÍ þau ár sem Frjálsíþróttaping er ekki haldið.

Þingskjal nr. 37: Áskorun til ríkisvaldsins

Borin upp til samþykktar um að taka þetta nýja þingskjal á dagskrá. Samþykkt.

Borin upp til samþykktar. Samþykkt.

Efni tillögu:

Áskorun til ríkisvaldsins

Flm.: Erlingur Jóhannsson HSK/Ármann, Freyr Ólafsson og Þórdís Gísladóttir f.h. ÍBR og Þorsteinn Magnússon HSK.

Frjálsíþróttahing, haldið í Reykjavík 30. apríl og 1. maí 2016, samþykkir eftirfarandi.

Frjálsíþróttahing vill benda ríkisvaldinu á vannýtt tækifæri til hagræðingar í ríkisrekstri sem sparað geta verulegar fjárhæðir næstu áratugina. Tækifærið felst í því að auka stuðning við skipulagt starf íþróttafélaga í landinu. Fjölmargar rannsóknir hafa sýnt fram á mikilvægi hreyfingar og íþróttaiðkunar hvað varðar forvarnir gegn sívaxandi og margvíslegum heilsufarsvanda. Með aukinni öldrun þjóðarinnar eru forvarnir á þessum sviðum jafnvel enn mikilvægari en ella.

Greinargerð:

Undanfarin ár hafa sveitarfélög landsins sýnt mikinn skilning á gildi íþróttar og stutt með myndarlegum hætti við íþróttar- og frístundastarf. Á sama tíma er hrópanði hve lítið ríkið leggur til málaflokksins, þrátt fyrir að ríkið muni njóta margfaldlega ágóðans af betri heilsu þjóðarinnar. Nú er lag!

Þingskjal nr. 38: Mótaskrá FRÍ drög

Niðurstaða þings: Drög samþykkt

Mótaskrá borin upp til kynningar, drögin eru samþykkt.

Mótmæli komu fram um að hafa bæði MÍ 11-14 ára á Egilsstöðum og Unglingalandsmót. Lovísa Hreinsdóttir tjáði sig um málið og sagði að líklegt væri að þeir sem ætluðu sér raunverulega á bæði mótin myndu gera það hvar sem þau eru haldin. Að hafa bæði mótin fyrir austan stýttir ferðalagið fyrir þá sem eru þar sem og fyrir stóran hluta þeirra sem eru fyrir norðan. Þeir sem eru út á landi þurfa að ferðast oft á ári á Reykjavíkursvæðið (sérstaklega yfir vetrartímann þar sem öll MÍ innanhúsmótin eru þar) því ætti að vera í lagi að eitt árið komi þeir sem fara á bæði mótin tvisvar til Egilsstaða með sex vikna millibili.

Kjör stjórnar og nefnda

Eiríkur Mörk kom í pontu og lagði fram tillögu um Frey Ólafsson sem formann FRÍ. Tillaga um aðra stjórnarmenn eru Guðlaug Baldvinsdóttir, Friða Rún Þórðardóttir, Gunnar Svarsson og Lóa Björk Hallsdóttir. Varastjórn Helgi Sigurður Haraldsson, Björg Ágústsdóttir, Eiríkur Mörk, Sonja Sif Jóhannsdóttir og Lovísa Hreinsdóttir.

Formaður Fjárhagsnefndar: Guðlaug Baldvinsdóttir.

Formaður Fræðslu- og útbreiðslunefndar: Kári Jónsson.

Formaður Íþróttá- afreksnefndar: Björn Margeirsson.

Formaður Laganefndar: Ásbjörn Karlsson.

Formaður Orðunefndar: Freyr Ólafsson.

Formaður Öldungaráðs: Þorsteinn Magnússon.

Formaður Skráningarnefndar: Stefán Þór Stefánsson.

Formaður Langhlaupanevndar: Sigurður Þórarinsson.

Formaður Dómaranevndar: Þorsteinn Þorsteinsson.

Formaður Móta- og mannvirkjanefndar: Sigurður Haraldsson.

Formaður Unglinganevndar: Aðalheiður María Vigfúsdóttir.

Skoðunarmenn reikninga: Kristinn Guðlaugssonar og Hannes Strange, varamenn Helga Kristín Harðardóttir og Gunnar Smith.

Tillaga um að vísa tilnefningu um þingfulltrúa á þing ÍSÍ til stjórnar FRÍ.

Önnur mál

Einar Vilhjálmsson heiðraði Pétur Guðmundsson sem var mættur á þingið, bronsmerki FRÍ.

Helgi Haraldsson hvatti framkvæmdarstjóra til þess að koma öllum reglubreytingum inn á heimasíðu FRÍ eftir helgina.

Eiríkur Mörk: Ræddi mikilvægi þess að eining og samhugur ríkti meðal sambandsaðila. Einnig að fólk kæmi vel fram við náungann.

Fjóla Signý Hannesdóttir ræddi um val í landsliðið.

Súsanna þakkaði fráfaraði stjórn fyrir gott starf og óskaði nýrri alls hins besta.

Þráinn gerði hið sama.

Skafti kom í pontu og þakkaði stjórn fyrir samstarfið.

Einar Vilhjálmsson kom í pontu og þakkaði fyrir sig og óskaði nýrri stjórn hins besta.

Þingforseti þakkaði fyrir þingið og bauð nýkjörinn formann Frey Ólafsson til þess að koma og slíta þingi.

Freyr Ólafsson nýkjörinn formaður steig í pontu og þakkaði sýnt traust. Freyr minnti þingheim á að ekkert væri sjálfsagt að frjálsþróttastarf lifði í landinu. Til þess að svo mætti vera þyrfti hreyfingin að standa saman og standa sig í samkeppni. Þakkaði hann að lokum fyrir gott samstarf á þinginu.

Þingi slitið kl. 16:30